

PÓRDÍS ARTHURSDÓTTIR
All Senses Group
vekur athygli erlendis
ferðir bílar
allt í MIÐJU BLAÐSINS



EINAR KRISTJÁNSSON
Stýrir stærstu
jarðýtu landsins
Verk að vinna
FYLGR FRÉTTABLAÐINU Í DAG



SÉRBLAÐ FYLGIR
Europpris
FRÁBÆR TILBOÐ!

FRÉTTABLAÐIÐ

FRÍTT

20. júní 2007 – 165. tölublað – 7. árgangur

MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI

Sími: 550 5000

MIÐVIKUDAGUR


Listasumar á Akureyri
Gósentíð í menningunni í höfuðstað Norðurlands. Valdís Viðars, framkvæmdastjóri Listasumars á Akureyri, segir frá.
MENNING 20

Nylon-stelpa semur ljóð
Steinunn Camilla í hljómsveitinni Nylon opnar heimasíðu með ljóðum sínum.
FÓLK 30

Sérkennileg stjórnun
„Stjórnun Samvinnutrygginga hefur því verið mjög sérkennileg hin síðari ár,“ skrifar Sigurður G. Guðjónsson lögmáður.
UMRÆÐAN 14

Margrét Lára eftirsótt
Þrátt fyrir að vera boðin ofurlaun í Noregi er Margrét Lára ekki á leið frá Val strax. Fjólsmörg lið hafa áhuga á landsliðskonunni.
ÍÞRÓTTIR 27

VEÐRIÐ Í DAG



VÍÐA BJARTVÍÐRI Í dag verður hægviðri eða hafgola. Skýjað með köflum eða léttskýjað en hætt við þokulofti með ströndum einkum þó norðan til. Líkur á síðdegisskúr-um til landsins. Hiti 10-18 stig, hlýjast til landsins.
VEDUR 4

DELTA LIGHT

Rafkaup
Ármúla 24 • S: 585 2800
OPIÐ LAUGARDAG KL:11-16



PULSAÐ SIG NIÐUR Þessir piltar voru líklega orðnir sársoltirnir eftir gönguna frá Laufásborg að Barnaspítalanum og hesthúsuðu nokkrar grillaðar pylsur.
FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

Afmælisveisla á Hringbraut: Hringurinn fimmtíu ára

FÓLK Veðrið lék við gesti í fimmtíu ára afmæli Barnaspítala Hringins, sem haldið var með pomp og prakt í gær. Fjöldi manns kom þar saman og naut dagskrárinnar. Boðið var upp á skemmtiatriði og grillaðar pylsur auk þess sem yngstu gestirnir gátu farið með uppáhaldsbangsann sinn á bangaspítalanum. Krakkar úr nálægum leikskólum litu inn í heimsókn og kynntust starfsemi spítalans og gæddu sér á afmæli-isköku í tilefni dagsins. Að jafnaði liggja um 40 börn á Barnaspítala Hringins. Var haft á orði að enginn gæti skipulagt betri afmælisveislur en Kvenfélag Hringins, sem sá meira að segja um að blíðskaparveður var á afmælisdaginn. - bs

Vestfirðir seldir sem paradís veiðimanna

Rúmlega 2.000 sjóstangaveiðimenn heimsækja Vestfirði í sumar. Tvö ný fyrirtæki bjóða sérsmíðaða sportveiðibáta og gistingu auk annarrar þjónustu. Veiðimennirnir setja mikinn svip á bæjarlífið. Vaxtarmöguleikarnir eru gríðarlegir.

FERÐAÞJÓNUSTA „Þegar öll þorpín hér í kring hafa byggt upp þessa þjónustu geta tíu þúsund veiðimenn komið hér á hverju sumri. Þegar allt er reiknað mun það skila rúmum milljarði í flugi og leigu á bátum og húsnæði. Aðrar 250 milljónir falla til vegna einkaneyslu,“ segir Ómar Már Jónsson, sveitarstjóri í Súðavík og einn forsvarsmanna ferðaþjónustufyrirtækisins Fjord Fishing. Tvö fyrirtæki á Vestfirðum hafa byggt upp þjónustu fyrir sjóstangaveiðimenn. Rúmlega 2.000 veiðimenn koma í sumar. Fyrirtækin anna ekki eftirspurn.

Fyrirtækin tvö, Hvíldarklettur ehf. á Suðureyri og Fjord Fishing í Súðavík, hafa til reiðu 31 sportveiðibát fyrir ferðamennina sem eru að langmestu leyti frá Þýskalandi. Gisting er leyst með 36 sumarhúsum sem reist hafa verið á Suðureyri, Flateyri og í Súðavík. Veiðimennirnir stunda einnig veiðar út frá Tálknafirði og Bíldudal. Í flestum tilfellum er um hópa þýskra sjóstangaveiðimanna að ræða sem leigja bát og gistingu í viku í senn. Elías Guðmundsson, framkvæmdastjóri Hvíldarkletts,

segir að yfirleitt sé um vini eða vinnufélaga að ræða. Fjórir til fimm veiðimenn eru saman um hvern bát og einn verður að hafa viðeigandi skipstjórnarréttindi. Ómar Már Jónsson segir að gríðarlegur áhugi sé fyrir sjóstangaveiði um allan heim og Norðmenn hafi lengi notið ávaxtanna af því. „Það eru 350 þúsund sjóstangaveiðimenn sem fara á hverju ári bara frá Þýskalandi. Þetta sýnir hvað markaðurinn er risavaxinn. Við erum með vöruna, þjónustuna og náttúruna og tækifærin eru gríðarleg.“ - shá / sjá síðu 4



HESTAMÓT Áhorfendur hafa nú áhrif á hvaða hestar fara í úrslit.

Fjórðungsmót hestamanna: Brekkan dæmir

MÓTSHALD Sú nýjung verður á Fjórðungsmóti Austurlands sem haldið verður á Héraði 28. júní til 1. júlí að öllum stóðhestum er heimil þátttaka, hvaðan sem þeir eru og hvort sem þeir eru dæmdir eða ekki. Á þremur til fimm mínútum á vellinum geta menn sýnt það sem þeir vilja, hvort sem það er ein gangtegund eða fleiri. „Fólk má meira að segja láta hestana þrjóna og leika aðrar listir. Klappmælir mælir hvaða fimm hestar fara í úrslit og símakosning verður um sigurvegarann. Brekkudómarar þykjast jú alltaf hafa rétt fyrir sér og nú fá þeir tækifæri til að dæma,“ segir Jens Einarsson mótstjóri. - sg / sjá sérblað um hesta

Góður árangur götuhóps fíkniefnadeildar lögreglunnar á höfuðborgarsvæðinu: Flest fíkniefnamálin í apríl

LÖGREGLUMÁL Fíkniefnamál sem komið hafa til kasta götuhóps fíkniefnadeildar lögreglunnar á höfuðborgarsvæðinu eru orðin jafnmörg það sem af er þessu ári og þau voru allt árið í fyrra. Þau eru alls um 220 talsins, að sögn Karls Steinars Valssonar, yfirmanns fíkniefnadeildarinnar. Hópurinn hefur lagt hald á um tvö og hálf kíló af hassi, amfetamíni, kókaíni og marjúana það sem af er árinu. Þá hefur hann tekið á fjórða hundrad kannabisplöntur, 100 LSD-skammta og 100 e-töflur.

MAGN FÍKNIEFNA 2007
- tekið af götuhóp fíkniefnadeildar

Kannabisplöntur	340 stk.
LSD	100 skammtar
E-töflur	100 stk.
Hass	1,7 kg
Marijúana	215 gr
Amfetamín	450 gr
Kókaín	60 gr

Karl Steinar segir að flest hafi málin verið í aprilmánuði en þá voru þau 70 talsins.

„Þau voru þá að hluta til tengd tónleikum eða svipuðum uppakomum sem þá voru í gangi,“ segir hann. „Götuhópurinn byggir á upplýsingum sem berast til fíkniefnadeildarinnar með einum eða öðrum hætti. Þá skal sérstaklega minnt á síma fíkniefnalögreglunnar sem er 800-5005. Fólk er hvatt til að hringja í þann síma telji það sig búa yfir upplýsingum sem kunn að koma að gagni. Fíkniefnadeildin vinnur síðan úr þeim upplýsingum.“ - jss

Hive Sumar
Þráðlaust internet í sumarbústaðinn.
Verð frá **2.490 kr./mán.**

SHIMANO
hjól
EXAGE

Pú færð Shimano í næstu sportvörverslun

LYKILLINN AÐ GÓÐU SUMRI

Frábært tilboð á
Betri notuðum RAV4.

Pessa dagana eru RAV4 tilboðsdagar hjá BNB. Öllum RAV4 árgerð 2005 og eldri fylgir gisting fyrir fjóra í sjö nætur á Edduhótelunum og bensínkort að andvirði 75 þúsund.



Höfum opið á Nýbýlaveginum til **kl. 19.00**
og aðrir umboðsaðilar hafa opið til **kl. 18.00**.

Vertu í sólskinsskapi og njóttu alls þess sem
Ísland hefur upp á að bjóða í sumar.



www.hoteledda.is

*Með hverjum bíl fylgir bensínkort að andvirði 75.000 kr. á Shellstöðvum hringinn í kringum landið.

**Með hverjum bíl fylgir gisting í tveggja manna herbergi (f. 2 fullorðna og 2 börn, 12 ára og yngri) með morgunverði á einhverju af Edduhótelunum. Gildir sumarið 2007.



BETRI NOTAÐIR BÍLAR **TOYOTA**

Toyota Kópavogi
Nýbýlavegi 4
Kópavogur
Sími: 570-5070

Toyota Akureyri
Baldursnesi 1
Akureyri
Sími: 460-4300

Toyota Reykjanesbæ
Njarðarbraut 19
Reykjanesbær
Sími: 420-6600

Toyota Selfossi
Fosnesi 14
Selfoss
Sími: 480-8000

Toyota Austurlandi
Miðási 2
Egilsstaðir
Sími: 470-5070

ÚRVALSBÍLL

GÆÐABÍLL

Fyrsta farrými



Passat Variant TDI® 4Motion með ferðapakka
kostar aðeins **3.290.000** kr.

Við getum nú boðið takmarkað magn af Passat Variant með geysiölfugri 140 hestafla dísilvél sem eyðir aðeins 6,7 lítrum á hundraðið í blönduðum akstri. Síteingt aldrið (4Motion) og ferðapakki gerir ferðalagið að magnaðri upplifun.

Passat Variant ferðapakki:

- Skyggðar rúður
- Aftengjanlegt dráttarbeisli
- Aksturstölva
- Silfurlitir þakbogar
- Hiti í framsætum
- 230V tengi í farþegarými

Volkswagen Passat er grænn bíll

HEKLA greiðir fyrir kolefnisjöfnun allra nýrra Volkswagen-bíla í eitt ár. Kolefnisjöfnun felst í því að binda samsvarandi magn gróðurhúsalofttegunda og bíllinn gefur frá sér. Þetta gerum við með skógrækt og landgræðslu. Vertu á grænum bíl, vertu á Volkswagen.

Grænt fyrirtæki – kolefnisjöfnuð starfsemi



Við opnum nýja búð



Opnunartilboð

1.990,-

3 lítra dós
Flügger 97 – rétta viðarvörnin



Opnunartilboð

1.990,-

3 lítra dós
Flügger tréolía – á sólpallinn

Höfum opnað áttundu verslun Flügger lita á Íslandi. Sérhæfðar verslanir með málningu og málningarvörur fyrir fagmenn og neytendur.

www.flugger.is



Flügger litir

Ögurhvarfi 2, Kópavogi
Sími 587 4430. Opið virka daga 8-18, laugardaga 10-15
Tilboð gildir fimmtudag, föstudag og laugardag



Grill-leikur með sýrðum rjóma!

Taktu þátt í grilleik MS og þú gætir unnið glæsilegt Weber grill. Kaupu dósa af sýrðum rjóma frá MS, farðu á www.ms.is, sláðu inn lukkunúmerið sem er í lokinu og þú færð strax að vita hvort þú hefur unnið.

MIÖLKURVÖRUR Í SÉRFLOKKI



HALLDÓR ÁSGRÍMSSON Norræna ráðherranefndin skipar lykilstöðu í hnattvæðingu Norðurlandanna. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

Norræna ráðherranefndin: Áhersla lögð á hnattvæðingu

UTANRÍKISMÁL Nýr áfangi í norrænu samstarfi er hafinn. Ætlunin er að vinna sameiginlega að ýmsum málum til að kynna Norðurlöndin víða um heim. Þetta var ákveðið á fundi forsætisráðherra Norðurlandanna með Halldóri Ásgrímssyni, framkvæmdastjóra Norrænu ráðherranefndarinnar. Ráðherrarnir vilja samræma norræna raforkumarkaðinn og styrkja fjárfestingar í fjarskiptanetum og framleiðslu.

„Á sumum sviðum skiptir það meginmáli að vinna saman að sameiginlegum markmiðum sem miða að norrænu notagildi,“ segir Halldór.

- pal



SAN SUU KYI Ásamt vinum og fjölskyldu árið 2002. Síðar á árinu var hún hneppt í stofufangelsi. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Pólitíski fanginn San Suu Kyi: 62 ára afmæli í stofufangelsi

BÚRMA, AP Einn frægasti pólitíski fangi í heiminum, San Suu Kyi, hélt upp á 62 ára afmælið sitt í gær í stofufangelsi fimmta árið í röð.

Yfirvöld í Búrma (Myanmar) hertu öryggisgæslu við heimili Suu Kyi til muna á mánudagskvöld. Engar fréttir bárust um mótmæli.

Suu Kyi, leiðtogi lýðræðissinnadara aðgerðarssinna á Búrma, hefur varið yfir ellefu af undanförunum sautján árum í haldi yfirvaldra, mestmegnis í stofufangelsi. Stjórnvöld framlengdu varðhald hennar í síðasta mánuði um eitt ár.

Suu Kyi er meinað um nánast öll tengsl við umheiminn fyrir utan lækniheimsóknir.

- sdg

Bylgjan á puttunum um landið í sumar

Bylgjan heimsækir skemmtilegustu útihátíðirnar og býður þér með! Mundu eftir Gluggapóstinum. Settu Bylgju-merkið í glugga sem sést frá þinni götu og Bylgjan kemur færandi hendi ef heppnin er með þér. Dagskrána og nánari upplýsingar finnur þú á bylgjan.is.

BYLGJAN
989

- ALLIR ERU AÐ HLUSTA!

150.000,-
SUMARTILBOÐ



SYMMETRICAL AWD

SUMARTILBOÐ: Bakkvörn, heilsársdekk og litaðar filmur í rúður fylgja með öllum Subaru Impreza í sumar.

Ingvar Helgason	Sævarhöfða 2 Sími 525 8000 www.ih.is	Opíð: Mán. 10:00 - 18:00, þri. - fös. 09:00 - 18:00, lau. 12:00 - 16:00.
Umboðsmenn um land allt	Akureyri 464 - 7940	Njarðvík 421 - 8808

Subaru Impreza á góðu verði í sumar

Beinskiptur Subaru Impreza Wagon	2.110.000,-
Sjálfskiptur Subaru Impreza Wagon	2.240.000,-

ÞEGAR VANDA SKAL VALIÐ HLYTUR SAMSUNG AÐ KOMA UPP Í HUGANN



Petta tæki er fánlegt í svörtu og hvítu.

LCD

Samsung LE23R71BX
23" LCD sjónvarpstæki
Upplausn 1366 x 768
6,4 milljarðar lita
170° Sjónarhorn
Contrast: 2000:1
Mynd í mynd (1 tuner)
HDMI, Component, SCART x 2, PC
Hvitt / Svart
Verð : 89.900,-



Petta tæki er fánlegt í svörtu og hvítu.

LCD

Samsung LE40R86WDX
40" LCD sjónvarpstæki
Innbyggður stafrænn DVB-T sjónvarpsmóttakari
Upplausn: 1366 x 768
Skjáform: 16:9 (breiðtjald)
Svartími: 8 millisekúndur
Contrast: 8000:1
HDMI x 3, Component, SCART x 2, PC (D-sub) og S-video
Verð : 249.900,-



LCD

Innbyggður stafrænn DVB-T sjónvarpsmóttakari
Upplausn: 1366 x 768
Skjáform: 16:9 (breiðtjald)
Svartími: 8 millisekúndur
Contrast: 8000:1
HDMI x 3, Component, SCART x 2, PC (D-sub) og S-video

Samsung LE32R87BDX
32" LCD sjónvarpstæki
Verð : 149.900,-
Samsung LE37R87BDX
37" LCD sjónvarpstæki
Verð : 199.900,-



LCD

Innbyggður stafrænn DVB-T sjónvarpsmóttakari
Upplausn: 1366 x 768
Skjáform: 16:9 (breiðtjald)
Svartími: 8 millisekúndur
Contrast: 7000:1
Birta: 500 cd/m2
Sjónsvið: 178°/178°
HDMI x 2, Component, SCART x 2, PC (D-sub) og S-video

Samsung LE26S86BDX
26" LCD sjónvarpstæki
Verð : 99.900,-
Samsung LE32S86BDX
32" LCD sjónvarpstæki
Verð : 119.900,-
Samsung LE37S86BDX
37" LCD sjónvarpstæki
Verð : 179.900,-
Samsung LE40S86BDX
40" LCD sjónvarpstæki
Verð : 199.900,-

PLASMA

Innbyggður stafrænn DVB-T sjónvarpsmóttakari
Upplausn: 1024 x 768 (42")
1366 x 768 (50")
Skjáform: 16:9 (breiðtjald)
Svartími: 8 millisekúndur
Contrast: 15000:1
HDMI x 3, Component, SCART x 2, PC (D-sub) og S-video

Samsung PS42Q96BDX
42" Plasma sjónvarpstæki
Verð : 239.900,-
Samsung PS50Q96BDX
50" Plasma sjónvarpstæki
Verð : 319.900,-



ORMSSON

HREINIR OG GLERFÍNIR GLUGGAR

UNGER

20% afsláttur
af toppgræjum fyrir gluggavottinn

GLUGGAPVARA

Gluggapvara með þægilegu griphandfangi. Endurbætt gúmmi sem skilur engar rákir eftir sig. Auðvelt að festa á skaft til að framlengja. Til í þremur stærðum.



GLUGGAPVOTTASKINN/SKAFA

Visa Versa gluggapvottaskinn/skafa – 20% fljótlegri að nota þvottaskinn og gluggapvöru í einu áhaldi. Til í tveimur stærðum. Auðvelt að festa á skaft til að framlengja. Til í tveimur stærðum.



HIFLO ÞVOTTAKÚSTUR

HiFlo þvottakústur – samanstendur af 10 m slöngu, bursta með stillanlegum lið, sápuskammtara og 64 umhverfisvænum sáputöflum. Hægt er að kaupa mismunandi lengdir á sköftum (fylgja ekki með).



GLUGGAPVOTTASÁPA

Gluggapvottasápan sem fagmaðurinn notar.

BESTA

- hrein fagmennska!

Tilboðið gildir til 30. júní eða á meðan birgðir endast.

Grundargötu 61 • Grundarfirði
Sími: 430 0000

Brekkestíg 39 • Njaróvík
Sími: 420 0000

Miðási 7 • Egilsstöðum
Sími: 470 0000

Ármúla 23 • Reykjavík
Sími: 510 0000

Tvær konur slösuðust þegar bílar óku hvor framan á annan í Hörgárdal:

Tvær konur fluttar á spítala

SLYS Tvær konur á miðjum aldri voru fluttar slasaðar á Fjórðungs-sjúkrahúsið á Akureyri í gær eftir mjög harðan árekstur í Hörgárdal. Önnur konan var á sjúkrahúsinu í nótt í rannsóknum en hina átti að útskrifa í gærkvöldi.

Önnur konan ók fólksbíl og hin jeppa. Rétt fyrir klukkan eitt á hádegi, við bæinn Vindheima á hringveginum, óku bílarnir hvor framan á annan á miklum hraða. Konurnar voru báðar einar í bílunum.

Lögregla og sjúkralið var kallað á vettvangi, auk tækjábils frá slökkviliði. Ekki kom til þess að



Á VETTvangi Bílarnir óku hvor framan á annan og var tækjábíll kallaður til vegna ótta um að klippa þyrfti konurnar úr bílunum. Til þess kom þó ekki. MYND/PORGEIR BALDURSSON

nota þyrfti tækjábílinn. Lögregla lokaði veginum og var hann ekki opnaður aftur fyrr en um klukkan þrjú. Draga þyrfti báða bíla af vettvangi.

Að sögn læknis á Fjórðungs-sjúkrahúsinu slasaðist önnur konan talsvert meira en hin, en báðum heilsaðist eftir atvikum í gærdeg.

Sorglegt að hugsa til þessa nítjándra júní

Konum eru boðin 10 til 12 prósent lægri laun en körlum, samkvæmt rannsókn við Háskólann í Reykjavík. „Kvennafn lækkar launin,“ segir forseti viðskiptadeildar HR. „Við þurfum öll að taka niðurstöðurnar til okkar,“ segir dósent við HR.

JAFNRETTISMÁL Konur bjóða körlum hærri laun en konum, en karlar bjóða körlum jafnvel enn hærri laun. Þetta kom í ljós í rannsókn Háskólans í Reykjavík sem kynnt var í gær.

Yfir fjögur hundruð þátttakendur voru beðin að setja sig í spor starfsmannastjóra í verkefni sem kallað var „Morgunn í lífi stjórnanda“. Það sem þátttakendur vissu ekki var að verkefnið snerist í raun um að skoða afstöðu þeirra til launa kvenna og karla.

Þátttakendur voru spurðir meðal annars um hvaða laun umsækjendur um störf ættu að fá og hvað þeir mundu ráðleggja frænda sínum eða frænku að biðja um há laun fyrir ákveðið starf.

Umsækjendur höfðu alltaf sömu ferilskrá og var eini munurinn kynferði umsækjandans.

„Í öllum tilfellum fengu konur lægri laun, sama hvort það snerist um að bjóða, sætta sig við, ráðleggja eða nokkuð annað,“ segir Þorlákur Karlsson, forseti viðskiptadeildar HR.

„Þessir þátttakendur telja að einhverju leyti að konur og þeirra störf séu minna virði en karlar,“ segir Þorlákur. „Það er sorglegt til þess að hugsa á þessum degi, kvenréttindadeginum 19. júní.“

Þeir sem að rannsókninni stóðu segja hana sýna þann mun sem er á væntingum sem yfirmaður og umsækjandi hafa þegar að samningaborðinu er komið. Þær væntingar stafi eingöngu af kynferði.

„Búið ykkur undir 10 til 12 prósent lægri laun ef þið berið kven-



NIÐURSTÖÐURNAR KYNNTAR Þorlákur Karlsson kynnti niðurstöður rannsóknarinnar, sem hann kallaði „sjokkerandi“. FRÉTTABLAÐIÐ/RÓSA

HELSTU NIÐURSTÖÐUR

- Konur bjóða körlum hærri laun en konum
- Karlar bjóða körlum enn hærri laun
- Konur og karlar reikna með að konur sætti sig við 13-19 prósent lægri laun en karlar
- Konur ráðleggja konum að biðja

- um 10 prósent lægri laun en körlum
- Konur búast við að konum verði boðin 13-15 prósent lægri laun en körlum
- Konur ráðleggja konum að sætta sig við mun lægri laun en karlar vilja ráðleggja

nafn,“ segir Þorlákur. „Maður er svona sleginn utan undir fimm sinnum af þessum niðurstöðum.“

Þorgerður Katrín Gunnarsdóttir menntamálaráðherra var viðstödd kynningu verkefnisins. Að rannsókninni unnu, auk Þorláks, Margrét Jónsdóttir, dósent við HR, og Hólmfríður Kristjánsdóttir, starfsmaður verkefnisins.

„Við getum ekki látið hér við sitja, heldur þurfum við öll að taka til okkar þessar niðurstöður og breyta,“ segir Margrét.

Óútskýrður launamunur kynjanna, með tilliti teknu til starfsstéttar, aldurs, starfsaldurs og vinnutíma var 15,7 prósent í fyrra, samkvæmt könnun Capacent. steindor@frettabladid.is

Sarkozy stokkar upp í ríkisstjórn Frakklands:

Nýir ráðherrar

FRANKLAND, AP Christine Lagarde var í gær skipuð fjármálaráðherra Frakklands fyrst kvenna. Fyrirrennari hennar í embætti tók við sem umhverfis- og orkumálaráðherra af Alain Juppé sem féll af þingi. Michael Barnier verður landbúnaðarráðherra.

Nicolas Sarkozy Frakklandsforseti skipaði konu af senególskum uppruna og talskonu múslimskra kvenna sem aðstoðarráðherra. Þykir þetta vera táknrænt merki um að Sarkozy vilji tryggja að ríkisstjórn sín endurspegli fjölbreytileika frönsku þjóðarinnar. -sdg



JUPPE OG LAGARDE Juppé hættur, Lagarde í fjármálin. NORDICPHOTOS/AFP

Bílavarahlutir Rúðupurkkur

Poulsen
partur af lífinu

www.poulsen.is

Poulsen Skeifan 2
Sími: 530 5900 - www.poulsen.is

Hvað þarf marga Íslendinga til að skipta um peru?*



IKEA býður mesta úrval landsins af sparperum. Þær endast 10 sinnum lengur en hefðbundnar ljósaperur og eru á frábæru verði.

Með því að skipta út gömlu perunum fyrir sparperur geta Íslendingar minnkað raforkukostnað sinn umtalsvert.

Kostnaður fyrir eitt heimili:

20 hefðbundnar peru á ári 9.512 kr.

20 sparperur á ári 2.097 kr.

Mismunur sem sparast: 7.415 kr.

Kostnaður fyrir Ísland (107.000 heimili):

2,14 millj. hefðbundnar peru á ári 1.017.784.000 kr.

2,14 millj. sparperur á ári 224.379.000 kr.

Mismunur sem sparast: 793.405.000 kr.

Viðmiðunarverð: Hefðbundin pera 60W: 50 kr. Sparpera 11W: 200 kr. Miðað er við 5 klst. meðaltalsnotkun á dag á hverri peru. Hefðbundin pera endist að meðaltali í 6 mánuði, en sparpera í 5,5 ár.

Sjá nánar á www.IKEA.is/spar



* Í raun bara einn. En til að spara rúmlega 793 milljónir kr. á ári með minni rafmagnsnotkun og færri peruskiptum ættu allir Íslendingar að sameinast um að skipta yfir í sparperur frá IKEA.



Enn ein snjöll lausn frá IKEA

Þingmenn Norðvesturkjördæmis fá hvatningarverðlaun Femínistafélagsins:

Kvensnauða kjördæmið hvatt

JAFNRÉTTI Þingmenn Norðvesturkjördæmis hlutu Bleiku steinana, hvatningarverðlaun Femínistafélags Íslands, sem voru afhent á Austurvelli í gær.

Engin kona var kjörin á þing í Norðvesturkjördæmi í alþingiskosningunum í vor. Eina þingkona kjördæmisins féll af þingi.

Með steinunum var þingmönnum afhent skjal, þar sem þeir voru hvattir til að hafa jafnréttissjónarmið að leiðarljósi og kynna sér femínisma. Þeir þurfi að bera ábyrgð á jafnréttismálunum, þar sem engin þingkona er í kjördæminu.

Viðstaddir afhendinguna voru Guðbjartur Hannesson, Karl V.

Matthíasson, Magnús Stefánsson, Sturla Böðvarsson og Ógmundur Jónasson, í forföllum Jóns Bjarnasonar.

Einar K. Guðfinnsson og Kristinn H. Gunnarsson gátu ekki veitt verðlaununum viðtöku. Einar Oddur Kristjánsson og Kristján Andri, sonur Guðjóns Arnars Kristjánssonar, tóku við steinunum á Ísafirði.

-sgj

KAMPAKÁTIR KARLAR Þingmennirnir tóku vel í verðlaunin og útlistuðu jafnréttisstefnu flokka sinna fyrir ráðskomum Femínistafélagsins. FRÉTTABLAÐIÐ/HÖRÐUR



Flóttamönnum í heiminum fjölgar

Tíu milljónir manna eru skilgreindar sem flóttamenn. Að Palestínunum meðtöldum er fjöldinn rúmar fjórtán milljónir. Að auki eru 24,5 milljónir á vergangi eftir að hafa flúið átök. Alþjóðafloftamannadagur Sameinuðu þjóðanna er í dag.

GENF. AP Ofbeldið í Írak er helsta ástæða þess að fjöldi flóttamanna í heiminum jókst í fyrsta skipti í fimm ár í fyrra samkvæmt skýrslu Sameinuðu þjóðanna sem kynnt var í gær. Alþjóðafloftamannadagur Sameinuðu þjóðanna er í dag.


Flóttamenn í heiminum voru tæplega tíu milljónir árið 2006 sem er aukning um meira en fjórtán prósent frá árinu á undan. Fjöldi flóttamanna hefur ekki verið hærra síðan árið 2002 þegar þeir voru 10,6 milljónir. Auk átakanna í Írak er í skýrslunni einnig bent á að átök í Líbanon, Austur-Tímor, Súdan og Srí Lanka hafi stuðlað að þessari aukningu.

Talið er að ein og hálf milljón Íraka séu flóttamenn í öðrum löndum og meirihluti þeirra séu í nágrennalöndunum Sírlandi og Jórdaníu. En flestir flóttamenn eru frá Afganistan og talið að 2,1 milljón Afgana séu flóttamenn í öðrum löndum. Þriðju í röðinni eru Súdanar með 686.000 flóttamenn. Því næst Sómalía með 460.000 og síðan Kongó og Búrúndí með 400.000 flóttamenn hvort.

Í tölum skýrslunnar yfir heildarfjölda flóttamanna í heiminum eru undanskildar þær 4,3 milljónir Palestínunanna sem búa í Jórdaníu, Líbanon, Sírlandi, Vesturbakkunum og Gaza þar sem þeir eru undir vernd aðskildrar stofnunar, Aðstoðar Sameinuðu þjóðanna við flóttamenn frá Palestínu (UNRWA). En séu þeir taldir með er heildarfjöldi flóttamanna í heiminum yfir

Alþjóðafloftamannadagur Sameinuðu þjóðanna

Fjöldi flóttamanna hefur vaxið í fyrsta skipti síðan árið 2002 samkvæmt skýrslu Sameinuðu þjóðanna. Nú eru yfir fjórtán milljónir flóttamanna í heiminum, og heildarfjöldi uppflosnaðs fólks - þar með talið fólk sem er á vergangi innan heimalands síns - er talinn vera 24,5 milljónir.



fjórtán milljónir.

Einnig eru ekki taldir með þær 24,5 milljónir manna sem eru á vergangi eftir að hafa hrakist frá heimilum sínum vegna átaka. En

þar sem fólk er í heimalöndum sínum er það skilgreint „uppflosnað“ í staðinn fyrir flóttamenn samkvæmt alþjóðalögum.

sdg@frettabladid.is

Vélahjólamegn segjast ætla að svara fyrir sig vegna aksturs bifreiða:

Segjast verða fyrir morðtilraunum

LÖGREGLUMÁL „Við verðum fyrir morðtilraunum. Ef þetta heldur svona áfram þá er alveg ljóst að við þurfum að fara að taka lögin í okkar hendur.“ segir Þórður Magnússon, meðlimur í mótörhjóla klúbbnum HSL.

Á síðu félagsins er því haldið fram að ökumenn reyni vísitandi í ríku mæli að trufla akstur vélahjólamegna. Lagt er til að hjólamegn leggi bílnúmer þeirra ökumanna á minnið og svari fyrir sig, eða eins og það er orðað á síðunni: „Það er hægt að finna fólk og benda því á hvað það er að gera, og ef að það vill ekki taka því með góðu, þá er alveg sjálfsagt að útskiðra málið með ILLU.“ Birt er nafn, heimilisfang, kennitala og símanúmer manns sem einn meðlimanna segir hafa ekið of nálægt sér. „Á síðunni kemur svo í ljós að stöfum í númerinu hefur verið víxlað því ekki er um réttan mann að ræða.

„Það er eins og fólk átti sig ekki á því að vélahjólamegn geta engan skaðað á hjólum nema sjálfan sig.“ segir Þórður. Hann segir mótörhjólaeigendur sérstaklega reiða yfir þeim ummælum sem netverjar hafa látið falla um félag þeirra sem hálsbrotnaði á dögnum í vélahjólslýsi. „Hann berst núna fyrir lífi sínu og fólk óskar honum dauða.“ segir Þórður.

Á sömu síðu er boðið upp á námskeið til að læra að komast undan lögreglu á mótörhjól. Það segir



MÓTORHJÓLAMENNI Í HÓPAKSTRI Þessir Sniglar fóru varlega yfir þegar þeir óku saman fyrir forvarnardag í tengslum við umferðarmál. Myndin tengist ekki efni fréttarinnar með beinum hætti.

FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

Þórður eiga að vekja athygli á því að vélahjólamegn hafi orðið engu að tapa. Það borgi sig ekki að láta ná sér.

-kdk

HREINN
20%
EPLASAFÉI




ÁN VIÐBÆTTIS SYKURS

GEFUR LÍFINU EPLABRAGÐ!



Egils



IQ-CARE

HEILSUDYNNUR OG HEILSUKODDAR

Þrýstijöfnun er lykilorðið

Ein besta heilsudýna í heimi



iq-care.com

- IQ-CARE aðlagast fullkomlega að líkamanum og tryggir dýpri og betri svefni.
- IQ-CARE er svæðisskipt og gefur því réttan stuðning fyrir mjóbak og axlir.
- IQ-CARE er með opnari efniseiginleika en flestar vörur úr skyldum efnum og andar því betur.
- IQ-CARE aðlagast hraðar að líkamanum en flest rúm úr skyldum efnum.
- IQ-CARE er ein sterkasta efnablanda sem þróuð hefur verið og endist því lengur en skyldar vörur.
- IQ-CARE þrýstijöfnunarefnið er mikið notað og viðurkennt af sjúkrahúsum og heilsustofnunum.

VELDU AÐEINS ÞAÐ BESTA!

S-CAPE WALLHUGGER



Hjónarúm með okkar bestu IQ-CARE heilsudýnu
Dæmi: 160 x 200 cm kr. **369.900** stgr.

Rúm sem dregst að veggnum þannig að þú helst við hlið náttborðsins.

- Mest seldi botninn í heiminum.
- Upplýst þráðlaus fjarstýring með öllum stillingum.
- Sterkir og hljóðátir þýskir lyftumótorar.
- Sér stilling fyrir höfuðlag.
- Öflugir nuddmótorar með sjálfvirkum tímarofa.
- Einn allra sterkasti stálgrindarbotn sem framleiddur er í dag.
- Öll liðarmót úr flugvélaplasti.
- 12 ára ábyrgð.



PROFLEX



Hjónarúm með okkar bestu IQ-CARE heilsudýnu
Dæmi: 160 x 200 cm kr. **219.900** stgr.

Mest selda stillanlega rúmið á Íslandi. Frábær reynsla.

- Sterkir og hljóðlátir þýskir mótorar.
- Stýring er einföld og þægileg.
- Mýkra axlasvæði og stillanlegt mjóbakssvæði.
- Hægt að fá stillanlega fætur sem ráða hæð rúmsins.
- 5 ára ábyrgð.


Ef þig vantar gott og sterkt stillanlegt rúm þá er PROFLEX lausnin.

SWISSFLEX

50 ára reynsla



Loftrúm án rafmagns



Frí þrýstijöfnunarmæling sem greinir hvaða dýna hentar þér best

SVEFN & HEILSA GEGNIR MIKILVÆGU HLUTVERKI



Svefn & heilsa



AKUREYRI



EGILL ÞORSTEINSSON KÍRÓPRAKTOR



Svefn & heilsa



REYKJAVÍK

Listhúsinu Laugardal, 581 2233 • Dalsbraut 1, Akureyri, 461 1150
Opið virka daga 10:00 - 18:00 - laugardaga 11:00 - 16:00

www.svefn.is

KAUPHÖLL ÍSLANDS [Hlutabréf]

OMX ÍSLAND 15
8.168 +0,04%

Fjöldi viðskipta: 317
Velta: 3.532 milljónir

MESTA HÆKKUN

▲ **ATLANTIC PETROLEUM** +2,25%
ALFESCA +1,02%
ATORKA +0,74%

MESTA LÆKKUN

▼ **FLAGA** -2,46%
ICELANDIC GROUP -0,76%
EIMSKIPAFÉLAGIÐ -0,73%

HLUTABRÉF Í ÚRVALSVÍSITÖLU: 365 3,81 +0,00% ... Actavis 88,50 +0,00% ... Alfesca 4,94 +1,02% ... Atlantic Petroleum 1.135 +2,25% ... Atorka 8,16 +0,74% ... Bakkavör 70,00 -0,14% ... Eimskipafélagið 40,70 -0,73% ... FL Group 29,75 -0,17% ... Glitnir 28,35 +0,00% ... Kaupþing 1.095 +0,46% ... Landsbankinn 38,25 +0,39% ... Marel 84,00 +0,48% ... Mosaic Fashions 16,95 -0,29% ... Straumur-Burðarás 21,00 -0,47% ... Össur 103,00 -0,48%

viðskipti

Umsjón: MARKADURINN nánar á vísir.is

Mikil tækifæri falin í austrinu

Mikil tækifæri liggja í Austur-Evrópu og í Asíu, þar á meðal í Indlandi og Kína, fyrir íslenska fjárfesta. Þetta var rauði þráður ráðstefnu sem haldin var á vegum MP Fjárfestingarbanka í gær.



STYRMIR ÞÓR BRAGASON Forstjóri MP fjárfestingarbanka.

MP fjárfestingarbanki hóf í haust samstarf við Raiffeisen Capital Management (RCM) og selur verðbréfasjóði þeirra hér á landi.

Á ráðstefnunni voru íslenskum fjárfestum kynntir sjóðir RCM og tækifærin sem liggja í austrinu, bæði í Austur-Evrópu og Asíu þar á meðal Kína og Indlandi. Tibor Schindler, helsti sérfræðingur RCM í mörkuðum Austur-Evrópu, og Martin Hager, kynningarstjóri hjá RCM, kynntu starfsemi félagsins og alla helstu sjóði þess. Þá fjölluðu þeir um þróun markaða

og fjárfestingartækifæri sem blasa við í austri.

Styrmir Þór Bragason, framkvæmdastjóri MP Fjárfestingarbanka, fjallaði um starfsemi og helstu verkefni bankans í Austur-Evrópu. Bankinn hefur um nokkurt skeið lagt áherslu á smærri markaði líkt og Eystrasaltslöndin og nýmarkaði í Evrópu.

- hhs

13 HÓTEL ALLAN HRINGINN

- 1 ML Laugarvatn • 2 ÍKÍ Laugarvatn • 3 Skógar
- 4 Vík í Mýrdal • 5 Nesjaskóli • 6 Neskaupstaður
- 7 Egilsstaðir • 8 Eiðar • 9 Stórutjarnir • 10 Akureyri
- 11 Laugarbakki • 12 Ísafjörður • 13 Laugar



ENNEMM / SIA / FM10168

BROSANDI ALLAN HRINGINN

Pantaðu allan hringinn á www.hoteledda.is Sími 444 4000

Milestone styrkir stöðu sína í yfirtöku á Invik

Samtök hlutabréfaeigenda mæla með tilboðinu en eigendur B-hlutabréfa vilja fá meira fyrir sinn snúð. Milestone hefur tryggt sér yfir 80 prósent atkvæða.

Racon Holdings, sænskt dótturfélag Milestone, hefur tryggt sér um 80,2 prósent atkvæðisréttar í Invik og um 54,2 prósent hlutfjár í sænska fjármálafyrirtækinu Invik.

Þegar greint var frá því seint í apríl að Milestone hygðist leggja fram yfirtökutilboð í sænska tryggingafélagið hafði það tryggt sér 63 prósent atkvæða og 25,9 prósent hlutfjár. Hinn 15. júní framlengdi Milestone tilboðsfrestinn um tvær vikur.

Ekki hafa allir hluthafar verið á eitt sáttir með það verð sem Milestone býður.

Stórir fjárfestingar- og lífeyrissjóðir hafa mótmælt því að tíu prósentum hærra verð sé greitt fyrir A-hlutabréf Inviks sem bera meiri atkvæðisrétt en B-bréf. Telja þeir að þetta sé andstætt yfirtökureglum. For-



KARL WERNERSSON Milestone færast nær markmiði sínu.

svarsmenn Milestone hafa hins vegar sagt að tilboðið sé í samræmi við góða viðskiptahætti á hlutabréfamarkaði.

Samtök sænskra hlutabréfaeigenda, sem eru áberandi hagsmunasamtök, hafa ráðlagt félagsmönnum sínum að ganga að tilboðinu.

Fjármálafyrirvöld í Svíþjóð og Lúxemborg hafa lagt blessun sína yfir áformin en enn er beðið eftir samþykki hollenskra yfirvalda sem búið er við að berist innan skamms.

- epa

Eik Banki skráður 11. júlí

Færeyski bankinn Eik Banki verður skráður í Kauphöll Íslands og Kauphöllina í Kaupmannahöfn 11. júlí næstkomandi. Fyrir skráningu verður hlutfé bankans aukið með

útbóði til hluthafa sem stendur frá 21. júní til 5. júlí.

Markaðsvirði Eik banka er rúmlega sextíu milljarðar króna ef gert er ráð fyrir að allt hlutféð seljist.

„Skráningin gerir hlutabréf í Eik áhugaverðari og því er þetta ávinningur fyrir hluthafa og Eik,“ segir Marner Jacobsen, forstjóri Eik Banka.

- epa

VENDU ÞIG VIÐ GÆÐI – VENDU ÞIG VIÐ EIRVÍK

Glæsileg gaseldavél

30% AFSLÁTTUR

Smeg gaseldavél á tilboðsverði kr. 174.300 stgr.

B90MFX5 90 sm Smeg gaseldavél
Fimm gashellur með pottjárnsgrindum 97 ltr ofn með 8 kerfum. Kæling í hurð, heitur blástur, grillteinn.
Verð áður kr. 249.000 stgr.

Nú getum við boðið þessa frábæru Smeg gaseldavél á einstöku tilboðsverði. Smeg gaseldavélar eru ítalskar gæðavélar fyrir alla þá sem unna glæsileika og góðum mat. Tilboðið gildir meðan byrgðir endast.

Verið velkomin í glæsilegar verslanir Eirvíkur á Akureyri og í Reykjavík og kynnið ykkur Smeg heimilistækni.

EIRVÍK -há-gæðaheimilistæki

Baldursnes 6, Akureyri | Suðurlandsbraut 20, Reykjavík Sími 588 0200 | www.eirvik.is

Bláa Lónið – Gönguferðir með leiðsögn

Bláa Lónið í samvinnu við Leiðsögumenn Reykjaness býður upp á daglegar gönguferðir klukkan 10.00 tímabilið 1. júní–31. ágúst.

Orkuríkt umhverfi Bláa Lónsins, jarðfræði og saga er meðal þess sem þátttakendur í daglegum gönguferðum munu kynna. Ferðirnar hefjast við Bláa Lónið þaðan sem gengið er að lækningalindinni. Gengið er að Rannsókn- og þróunarsetri og að orkuveri Hitaveitu Suðurnesja í Svartsengi. Gangan endar í Bláa Lóninu.

Gönguferðin tekur um eina og hálfu klukkustund. Mælt er með gönguskóm og hlýjum fatnaði. Verð: 1.000 kr. Miðar eru seldir í gestamóttöku Bláa Lónsins.

www.bluelagoon.is

BLUE LAGOON ICELAND

NICOLE KIDMAN ER FERTUG Í DAG

„Ég elska að leika en það er enn skemmtilegra að fara með börnin í dýragarðinn.“

Hin ástralska leikkona Nicole Mary Kidman fæddist þennan dag í Honolulu árið 1967 og er því fertug í dag. Hún hefur verið meðal þekktustu leikkvanna heims um árabil og vann til Óskarsverðlauna árið 2003 sem besta leikkona í aðalhlutverki fyrir leik sinn í myndinni *The Hours*.



tímamót

tímamot@frettabladid.is

PETTA GERÐIST: 20. JÚNÍ 1904

Fyrsti bíllinn á Íslandi

Á þessum degi árið 1904 kom fyrsti bíllinn til Íslands með gufuskipinu Kong Tryggve. Það var kaupmaðurinn Ditlev Thomsen sem keypti hina þýsku bifreið af gerðinni Cuddell með 2.000 króna styrk frá Alþingi. Bíllinn var því nefndur Thomsen-bíllinn og var ætlinin að sannreyna hvort mót-orvagnar kæmu að notum á Íslandi.

Bíllinn var þriggja ára gamall þegar hann var fluttur til landsins og þá orðinn úreltur og líktist fremur hestvagni en bifreið. Vélin var neðan til að aftan og tannhjól notuð til að færa aflið frá vélinni út í hjólin. Bifreiðin var reynd á götum bæjarins daginn eftir en



GAMALL SKRÍJÓÐUR Tómas Jónsson, síðar kaupmaður, Þorkell P. Clementz, fyrsti bílstjórinn á Íslandi og Ditlev Thomsen kaupmaður standa hér stoltir við fyrstu bifreiðina sem kom til Íslands árið 1904.

Þetta var „gamall skríjóður sem gerði hér lítila lukku“ segir í Árbókum Reykjavíkur.

Samkvæmt frásögn í Ingólfi 26. júní árið 1904 þyrptist að múgur og margmenni til þess að sjá þetta furðuverk Thomsens kaupmanns og þreyttu götusveinar kappskeið við reiðina. Bifreiðin fór um götunnar með braki og brestum og segir ennfremur í Ingólfi að kerrunni hafi gengið allskrykkjött og varð seinast ekki sjálfbjarga, svo draga varð hana heim með handflá.

Það fór svo að bíllinn reyndist illa og var sendur aftur til Danmerkur árið 1908 eftir að hafa staðið ónotaður í þrjú ár.

MERKISATBURÐIR

- 1627 Tyrkjaránið hefst þegar ræningjar frá Alsír koma á skipi til Grindavíkur. Það stóð til 19. júlí.
- 1750 Gengið er á tind Heklu í fyrsta sinn svo vitað sé. Það gerðu Bjarni Pálsson, síðar landlæknir, og Eggert Ólafsson, vísindamaður og skáld.
- 1970 Listahátíð í Reykjavík er sett í fyrsta sinn. Meðal flytjenda á hátíðinni eru Daniel Barenboim píanóleikari og hljómsveitin Led Zeppelin.
- 1976 Vesturlandabúar eru fluttir frá Beirút.
- 1980 Luciano Pavarotti syngur í Laugardalshöllinni.

AFMÆLI



Orri Vignir Hlödversson, framkvæmdastjóri Frumherja, er 43 ára.



Nanna Guðbergssdóttir, fyrrverandi fyrirsæta, er 33 ára.



Árný Erla Sveinbjörnsdóttir, jarðfræðingur og vísindamaður, er 54 ára.



Cyndi Lauper er 54 ára í dag.



Lionel Richie söngvari er 57 ára.



Frank Lampard fótboltakappi er 29 ára í dag.



Systir mín, móðir okkar, tengdamóðir og amma,

Herdís Helgadóttir,

Tómasarhaga 55, Reykjavík, (áður Eyjabakka 5),

lést á heimili sínu mánudaginn 18. júní. Jarðarförin verður auglýst síðar.

Skúli Helgason

Hrafn Helgi Styrkársson
Sveinbjörn Styrkársson
Auður Styrkárssdóttir
Snorri Styrkársson
Unnur Styrkárssdóttir
Herdís Styrkárssdóttir og barnabörn.

Willy Johannes
Svanur Kristjánsson
Kristrún Ragnardóttir
Sveinn Bragason
Jón Ágúst Reynisson

Fallegir legsteinar á góðu verði

Englasteinar
Helluhrauni 10 Hafnarfirði
Sími: 565-2566
www.englasteinar.is

Alhliða útfararþjónusta

Símar: 567 9110 & 893 8638
www.utfarir.is • runar@utfarir.is

Útfararþjónustan ehf.
Stofnað 1990



HETJA UMHVERFISINS Carol van Voorst, sendiherra Bandaríkjanna á Íslandi, afhendir Óskari J. Sigurðssyni verðlaunin í sendiráðsbústað Bandaríkjanna í gærdeg.

VERÐLAUN: VIÐURKENNING FYRIR STÖRF Í STÓRHÖFÐAVITA

Vitavörður Hetja umhverfisins

Óskar J. Sigurðsson var heiðraður sem Hetja umhverfisins í sendiráðsbústað Bandaríkjanna í gær. Carol van Voorst, sendiherra Bandaríkjanna á Íslandi, afhenti Óskari verðlaunin en hann hefur starfað sem vitavörður á Stórhöfða í Vestmannaeyjum frá árinu 1965.

Verðlaunin Hetja umhverfisins eru virt verðlaun sem National Oceanic and Atmospheric Administration (NOAA) veitir árlega. Óskar hlýtur verðlaunin fyrir störf sem hafa gert rannsóknarstofu NOAA kleift að fram-

kvæma kolefnismælingar og aðrar loftmælingar í fimmtán ár frá Stórhöfðavita.

Óskar segir skemmtilegt að fá viðurkenningu og gæðastimpil fyrir störf sín. „Ég hef verið að vinna við þessar mengunarrannsóknir og tekið loftsfýni síðan 1990 fyrir stofnanir og skóla í Bandaríkjunum. Starf vitavardar felst að miklu leyti í því að vera veðurathugunarmaður.“ Óskar fer bráðum á eftirlaun en segir óvíst hvað hann ætli að gera í framtíðinni. „Ég held hugsanlega áfram að starfa við það sem

ég hef áhuga á eins og fuglaskoðun,“ segir Óskar.

Verðlaunin voru fyrst veitt árið 1995 og eru veitt einstaklingum sem vinna að verkefnum sem stuðla að þróun NOAA sem stofnun í fararbroddi með þekkingu á umhverfismálum. Verðlaunahafar eru tilnefndir af starfsmönnum stofnunarinnar sem eru um 12.500 talsins.

Óskar er eini verðlaunahafinn sem er ekki af bandarísku þjóðerni en nýu aðrir einstaklingar hlutu viðurkenninguna í ár.

larab@frettabladid.is

Á Tjarnarbakknum í 110 ár

Iðnó, hið virðulega hús við Vonarstræti í Reykjavík, er hundrað og tíu ára á þessu ári. Það tekur sig vel út á tjarnarbakknum og er fyrir löngu orðið órjúfanlegur hluti miðborgarmyndarinnar. Einnig hefur það lengst af haldið því hlutverki að vera menningarhús í besta skilningi þess orðs.

Iðnó var reist af Iðnaðarmannafélagi Reykjavíkur á uppfyllingu út í Tjörnina og var fullgert árið 1897. Það var í upphafi helsta samkomuhús höfuðstaðarins með fyrirlestra, söngskemmtanir, kvikmyndasýningar, jólatrésböll fyrir börnin, dansleiki og matarveislur. Hinn 1. febrúar 1904 var heimastjórninni fagnað í húsinu og síðar var Kristjání konungi X haldin þar stórveisla.



IÐNÓ Setur sterkan svip á miðborgina.

Hússtjórnarskólinn var starfræktur í Iðnó í upphafi og var matsala á vegum skólans í salnum á annarri hæð þegar leiksýningar eða aðrar skemmtanir

voru haldnar. Í þá daga var til dæmis boðið upp á rauðgraut á dansleikjum.

Verkalýðsfélögin eignuðust Iðnó 1929 og fékk húsið þá nafnið Alþýðuhúsið Iðnó. Leikfélag Reykjavíkur var fastur leigjandi í Iðnó og setti mestan svip á starfsemin þar í áratugi. Árið 1989 sagði það upp samningnum og þá færðist dodi yfir Iðnó í fáein ár en við vígslu ráðhússins 1992 samþykkti borgin að kaupa húsið ásamt fleirum og gera það upp. Í framhaldinu var það gert upp í upprunalegri mynd. Enn er bæði möguleiki að næra andann og líkamann í Iðnó því auk sviðslista og dansleikja býður veitingastaðurinn Tjarnarbakkinn upp á vinsæla veisluþjónustu.

gun@frettabladid.is

Bílaþjófar eiga sér eftirlætisbíla til að ræna. Norskt tryggingafélag tók saman lista yfir bíla sem brotist hefur verið inn í og kom þar í ljós að ákveðnar bílategundir laða að sér innbrotsþjófa frekar en aðrar. Þær vinsælustu hjá bílaþjófum eru: Jeep Cherokee 6 cyl, Audi 100 2.3, Audi 80 2.0 E, Mercedes CLK 200/Kompressor



Gönguferðir um náttúru Íslands eru skipulagðar af fjölmörgum aðilum og er hægt að velja sér göngu allt frá nokkrum klukkustundum upp í nokkra daga. Göngugarpur sem hafa áhuga á að leggja í skipulagða gönguferð geta fundið allar upplýsingar í gagnagrunni Ferðamálaráðs, www.ferdamalastofa.is

Hringmiða er hægt að kaupa hjá Bifreiðastöð Íslands (BSÍ) og gefst hringmiðahöfum kostur á að ferðast hringveginn um Ísland með sérleyfisbifreiðum á eins löngum tíma og með eins mörgum viðkomustöðum og hver vill. Ferðina er hægt að hefja hvar sem er á hringveginum og fara í hvora áttina sem er en þó verður alltaf að ferðast í sömu átt. Bílstjórinn stríkar svo út þá leið sem farin er hverju sinni.

allt

HEIMILI HEILSA HÚS BÖRN NÁM FERÐIR MATUR BÍLAR TÍSKA GRÆJUR ATVINNA TILBOÐ VINNUVÉLAR O.FL.

FRÉTTABLAÐIÐ

COME2 SCANDINAVIA



Á leið til Norðurlandanna?

Hafðu samband við Come2 Scandinavia og við aðstoðum þig með flug, hótलगistingu, bílaleigubíl og fleira.

Erum einnig með tvær íbúðir til leigu í Kaupmannahöfn sem henta fjölskyldum, vina- og vinnuhópum.

Come2 Scandinavia, Vesterbrogade 17
1620 Kaupmannahöfn.



+45 33 25 64 25 - info@come2scandinavia.com - www.come2scandinavia.com



Þórdís Arthursdóttir er verkefnastjóri All Senses Group, sem hlaut nýlega frumkvöðlaverðlaun Vesturlands.

Vekur athygli erlendis

Samtökin All Senses Group hlutu á dögnum frumkvöðlaverðlaun Vesturlands 2006.

„Dómnefndinni þótti tilkomumikið að öll þessi fyrirtæki gætu starfað saman, þrátt fyrir að vera í samkeppni, og ekki síst hvernig samvinnan er útfærð,“ segir Þórdís Arthursdóttir, verkefnastjóri All Senses Group, samtaka 23 ferðaþjónustufyrirtækja sem hlutu á dögnum frumkvöðlaverðlaun Vesturlands 2006.

Að sögn Þórdísar fengu samtökin verðlaun fyrir þá hugmyndafræði sem liggur til grundvallar starfsemi þeirra, sem er að vinna sameiginlega að kynningu á Vesturlandi og möguleikunum, sem þar eru fyrir hendi.

„Þetta hófst allt saman fyrir rúmlega tveimur árum með námskeiði sem kallast Hagvöxtur og heimaslóð og var haldið fyrir tilstuðlan Útflutningsráðs og fleiri aðila fyrir ferðaþjónustufyrirtæki á Vesturlandi,“ útskýrir Þórdís. „Námskeiðið gekk út á

að huga að markaðssetningu erlendis. Í framhaldi af því fóru þátttakendurnir að skoða hvernig þeir gætu unnið sameiginlega að þessu markmiði. Enda er miklu auðveldara að kynna stórt svæði heldur en lítið hótél eða minna svæði, svo dæmi séu nefnd.

Í framhaldi ákváðu fyrirtækin að kynna Vesturland saman á West Norden, til að sjá hvort fleiri aðilar vildu taka þátt. Vegna þess hve vel tókst til var ákveðið að halda samstarfinu áfram og breikka samstarfsgrundvöllinn, til að vinna betur að gæðamálum og leggja áherslu á að efla tengslanetið. Síðan þá hafa fleiri aðilar bæst í hópinn, þannig að hann er stöðugt að stækka og eflast.“

Að mati Þórdísar hafa verðlaunin mikla þýðingu fyrir All Senses Group. „Þau sýna að hugmyndafræði af þessu tagi ber árangur og mun hjálpa okkur við að markaðssetja okkur betur. Erlendir aðilar sem við höfum átt í samskiptum við horfa nú enn frekar til Vesturlands en áður. Síðast en ekki síst er þetta okkur mikil hvatning, sem og öðrum sem eru að hugsa um að fara inn á þessa braut.“

roald@frettabladid.is

Hvað er að fréttu?

Við tækjum sportið

www.visir.is



Hringdu í 550 5600 ef blaðið berst ekki

FRÉTTABLAÐIÐ

- mest lesið



Rolls Royce 100 ára Fyrsti Rolls Royce Silver Ghost bíllinn kom á götuna fyrir 100 árum. Hann var framleiddur í Bretlandi. Í dag er Rolls Royce að mestu í eigu BMW og á síðasta ári voru framleiddir 805 Rolls Royce-bílar.

Pýskar álkerrur fyrir fjölskylduna, verktakann, sveitarfélagið. Vandaðar kerrur frá einum stærsta framleiðanda Evrópu. Kerrur sem slegið hafa í gegn síðustu ár. Sumarsendingin nýkomin. Leitid upplýsinga og skoðið hið mikla úrval. Margar stærðir og gerðir.

N1 Langatanga 1a - Mosfellsbæ - Sími: 566 8188
Fjaróanet hf. - Grænigarður - Ísafjörður - S.470 0836

BIFREIÐAVERKSTÆÐI
FRIDRIKS ÓLAFSSONAR ehf.
Smiðjuvegi 22 (Græn gata) · 200 Kópavogi
Sími: 567 7360 · www.bfo.is

Þjónusta Þjónusta Þjónusta

STÝRISENDAR, SPINDILKÚLUR OG FÓÐRINGAR
í jeppa í miklu úrvali
Japan/U.S.A.

FJALLABÍLAR
Stál og stansar ehf.
Vagnhöfða 7
110 Reykjavík
Sími: 517 5000

Hvað er að fréttu?
Með púlsinn á markaðnum alla daga_

www.visir.is

Ósamræmi hámarkshraða skapar erfiðleika

Hjólhýsum og húsbílum hefur fjölgað gríðarlega hér á landi undanfarnin ár og sjást víða á vegum landsins. Sigurður Helgason segir að huga þurfi að ýmsu til að allra öryggisatriða sé gætt á ferðalagi með tengivagn.



Sigurður Helgason, verkefnastjóri umferðaráróðurs og fjölmiðlunar.

„Það er sama hvaða farartæki maður er á, það getur alltaf verið hættulegt ef ekki er rétt farið með öryggisatriðin,“ segir Sigurður og bætir því við að það erfiðasta varðandi eftirvagnana sé að hámarkshraðinn sé lægri en hjá venjulegum fólksbílum. „Hámarkshraði ökutækja með tengivagn er 80 km/klst. Það skapar ákveðið ósamræmi og veldur vissum erfiðleikum því það skiptir máli varðandi öryggi á vegum að allir séu á jöfnum og nokkurn veginn sama hraða til að umferðin fljóti vel.“

Sigurður segir mikilvægt að ökumenn með hjólhýsi eða aðra tengivagna reyni eins og þeir mögulega geti að hleypa fram úr sér til að draga úr stressi og óþolinmæði þeirra sem á eftir fara. „Þá er það mjög stórt atriði að framlengingar séu á speglum svo ökumaðurinn sjái aftur fyrir bílinn. Þá fær hann meira ráðrúm til

að hleypa annarri umferð fram úr sér,“ segir Sigurður. „Síðan þarf að kanna mjög vel hvort bíllinn hafi nóg afl og sé nógu þungur til að draga viðkomandi hjólhýsi. Það er eitt af þeim atriðum sem hafa þarf í huga og má finna þær upplýsingar í skráningartvöttoði bílsins hversu þungan eftirvagn hann megi draga,“ segir Sigurður og minnir á að nauðsynlegt sé einnig að ganga tryggilega frá tengibúnaðinum sem hefur batnað heilmikið á undanförunum árum.

„Það hefur komið upp í umræðunni að samræma hámarkshraðann en ekki hefur enn verið tekin ákvörðun um það. Eflaust verður tekin afstaða til þess þegar umferðarlögin verða endurskoðuð og er sú vinna að hefjast,“ segir Sigurður og vísar þar til endurskoðunarnefndar sem verið er að skipa til að skoða öll umferðarlögin í heild. „Lagaumhverfið þarf að sjálfsgögu að vera í lagi og í samræmi við nútímann.“

sigidurh@frettabladid.is

Glæsilegri bíll...
... á nýjum álfelgum frá okkur

Sólning og Barðinn bjóða núna upp á nýja sendingu af álfelgum frá Alutec, Lenzo og Yueling í miklu úrvali hvort sem það er á sportbílinn, jeppann eða fólksbílinn og á verðum sem koma skemmtilega á óvart.

Bjóðum einnig mikið úrval gæðadekkja frá Nankang, Continental og Hankook.

www.solning.is

SÓLNING
Kópavogur, Smiðjuvegi 68-70, sími 544 5000
Njarðvík, Fitjabraut 12, sími 421 1399
Selfoss, Austurvegur 58, sími 482 2722

BARÐINN
Skútuvogi 2, sími 568 3080

allt ferðir o.fl.



Léttur farangur getur verið forsenda þess að ferðalagið gangi vel. Best er að pakka aðeins því allra nauðsynlegasta. Rannsóknir sýna að færstir nota allt það sem er sett í töskuna.



Hjónin Guðni Ásgrímsson og Jóhanna Aðalsteinsdóttir standa fyrir hákarlaveiðum á Vopnafirði.

Á slóðum hákarla

Hjónin Guðni Ásgrímsson og Jóhanna Aðalsteinsdóttir reka óvenjulega ferðabjónustu á Vopnafirði.

„Við leggjum yfirleitt frá landi að kvöldi til og veiðum á nóttunni, þegar birtuskilyrði eru góð og möguleiki að ná hákörlum,“ segir trillukarlinn og ævintýramaðurinn Guðni Ásgrímsson, sem rekur ferðabjónustu á Vopnafirði, þar sem ferðamönnum gefst kostur á að fara á hákarlaveiðar í júní og júlí.

„Þetta eru tvískiptar ferðir,“ heldur Guðni áfram. „Annars vegar fjögurra til fimm tíma ferðir þar sem hákarl er dreginn á línu. Hins vegar á bilinu tíu til tólf tíma ferðir, þar sem menn geta veitt hákarl á færi. Þú getur rétt ímyndað þér spenningin sem því fylgir, þar sem hákarlarnir geta verið á bilinu fjórtán til sautján feta langir og allt að níu hundruð kílóa þungir.“

Að sögn Guðna er um svokallaðan gráan hákarl eða Grænlandshákarl að ræða, sem er í flestum tilvikum rólyndis skepna þannig að mönnum ætti að stafa lítil hættu af þeim. Hann bætir þó við að hákarl sé engu að síður alltaf hákarl. Guðni ætti að hafa eitt-



Hákarlarnir geta verið allt að sautján feta langir og níu hundruð kílóa þungir.

hvað til síns máls, þar sem hann hefur meira en 30 ára reynslu af sjómennsku, þaðan sem hann fékk einmitt hugmyndina að hákarlaveiðunum.

„Að veiði lokinni geta ferðalangarnir bragðað á verkuðum hákarli um borð í bátum og drukkíð íslenskt brennivín með,“ bendir Guðni jafnframt á. „Farið er með sjálfan aflann í land þar sem hans bíður verkun. Síðan geta veiðimennirnir fengið vænan bita sendan heim til sín óski þeir þess sérstaklega.“

Auk hákarlaveiðanna er boðið upp á sjóstöng og hægt að gista á staðnum þar sem Guðni og kona hans Jóhanna Aðalsteinsdóttir halda úti gistiheimilinu Mávahlíð. Nánari upplýsingar á www.123.is/mavahlid

Gott gistihús í London

Lesandi mælir með gistihúsi.

Lesandi hringdi inn til að lýsa yfir ánægju sinni með gistiheimili á Englandi, Abbey Guest House, sem er staðsett nálægt Cambrigde. Ekki nóg með að honum þætti aðstaða og þjónusta vera til fyrirmyndar, heldur fannst honum gistingin ódýr: þrjátíu pund fyrir nóttina. Nánari upplýsingar um gistihúsið á www.hostelbookers.com



Fagmenntaðir kayak kennarar og leiðsögumenn

Stykkishólmur og Reykjavík • S:690 3877

FERÐAVÖRURNAR færðu hjá okkur!

Álbox á sumartilboði

Tilvalin í skottið, á tjaldvagninn, fellihýsið eða kerruna.

Stærð mm	Lítrar	Krónur
400X300X245	29	9.600.- 8.160.-
550X350X245	47	10.800.- 9.180.-
550X353X380	76	13.800.- 11.730.-
750X350X350	91	16.600.- 14.110.-
750X550X380	157	20.800.- 17.680.-
1150X350X390	163	23.600.- 20.060.-
750X550X590	240	24.800.- 21.080.-



JEPPASPIL margar gerðir



Come Up 6000S 12v
55.700 kr.

KERRUSPIL



• Come Up DW 3000i 12v
29.900 kr.
• Come Up DW 1500i 12v
8.900 kr.

LOFTDÆLUR margar gerðir



• Smærri dælar í handhægum töskum, hentugar fyrir fólkubíladekkin, vindsængina og reiðhjólið.
• Stærri og öflugri dælar fyrir öll jeppadekk.
• Verð frá 4.900 kr.

VIÐGERÐASETT fyrir dekk



4.990 kr.
Eigum einnig til loftmæla og fleiri vörur

DRÁTTARTÓG 20-24 mm



m	tonn	Krónur	m	tonn	Krónur
10	8,3	6.225	15	12	9.850
10	12	6.690	30	12	19.750

DRULLUTJAKKAR



• Jack All 48" 8.900 kr.
• Jack All 60" 10.900 kr.

KERRUR

FRÁ AÐEINS 29.990 KR.

ÓTRÚLEGT ÚRVAL AF KERRUM!

FYRIR:
HEIMILIÐ
FYRIRTÆKIÐ
ÁHUGAMÁLIN



FRÍR FLUTNINGUR TIL REYKJAVÍKUR (EINU SINNI Í VIKU).

DEKKJAHÖLLIN
DEKKJAHÖLLIN IS EIGILSSTADIR - AKUREYRI

DRÖPNISGÖTU 5, AKUREYRI S. 462 3002
ÞVERNLÆTTUM 1, EIGILSSTÖÐUM S. 471 2002

allt atvinna
Alla sunnudaga

exit.is

// Ævintýraferðir
Örugglega út í óvissuna
Þú færð hvernig betra úrval spennandi ævintýraferða til allra heimsálfa. Ferðir með öllum þekktustu ævintýrafyrirtækjunum.

BORGARTÚNI 29 | 105 REYKJAVÍK | ICELAND | WWW.EXIT.IS | TEL. +354 562 2362 | FAX. +354 562 9662

												
„Þessu var gríðarlega vel stýrt af forvera mínum og við höfum verið á mikilli siglingu, bæði hvað varðar áhorf og auglýsingasölu.

Við höldum áfram á þeirri braut sem við höfum verið á,“ segir Björn.

Skjárinn sér um rekstur frístöðvarinnar SkjárEinn í sjónvarpi, leigu á myndböndum heima í stofu og aðgengi að alþjóðlegum sjónvarpsstöðvum undir merkjum SkjárBíó og SkjárHeimur. Já sér um rekstur þjónustunúmeranna 118, 1818 og 1811 og annast útgáfu Símaskrárinnar, rekstur vefsvæðisins Já.is og Gulu síónanna.

SIGRÍÐUR MARGRÉT ODDSDÓTTIR



FRÉTTIR AF FÓLKI

Cate Blanchett virðist hafa ánægju af fleiri hlutum en leikarastarfinu og hefur lýst því yfir að henni þyki afskaplega gaman að baka. „Ég elska að baka piparkökur. Ég bý til piparkla og -kerlingar og geymi þau í krukum úti um allt eldhús,“ sagði Cate sem var nefnd ein áhrifamesta manneskja heims af Time Magazine.



Avril Lavigne gírmist leikarastarfið. „Mig langar að starfa við fleiri hluti en tónlist. Ég væri til í að kynna leikarastarfinu betur og koma fram í nokkrum kvikmyndum. Ég hef nú þegar leikið lítið hlutverk í myndinni The Flock með **Richard Gere**. Nú er ég að leita mér að stóru hlutverki,“ sagði Avril.



TIGER OG ELIN Eignuðust stúlkubarn sem hefur verið gefið nafnið Sam Alexis Woods.

Tiger Woods fjölgar mannkyninu

Síðustu misseri hafa verið erfið fyrir Tiger Woods. Hann missti pabba sinn, Earl Woods, á síðasta ári en þeir voru mjög nánir vinir. Þrátt fyrir tap á US-Open um helgina gafst Woods tækifæri til að fagna sínum stærsta sigri á mánuðeginum.

Tiger og eiginkona hans, hin sænska Elin Woods, eignuðust dótturina Sam Alexis Woods snemma á mánuðagsmorgun en frá þessu er greint á heimasíðu kylfingsins. Tiger, sem stóð í ströngu um helgina þegar hann gerði atögu að titlinum á Opna bandaríska meistaramótinu, sagði á heimasíðunni að þetta væri mjög sérstök stund fyrir hann og Elin og þau gætu ekki beðið eftir því að takast á við foreldrahlutverkið. „Við setjum síðan inn myndir af henni á næstu mánuðum,“ skrifaði Tiger.

Úlfar Jónsson lýsti lokadeginum á Opna bandaríska en þar bar argentískikylfingurinn Angel Cabrera sigur úr

býtum. Tiger gerði reyndar harða atögu að Cabrera og hefði getað tryggt sér sæti í bráðabana með því að ná fugli á lokaholunni. Úlfar telur hins vegar nokkuð víst í ljósi fæðingarinnar að Cabrera hefði engu að síður unnið. Tiger hefði nefnilega afboðað sig en á mótinu eru spilaðar átján holur í bráðabana daginn eftir. „Þetta er svona svipað og hjá Phil Michelson árið 1999. Þá átti konan hans von á sér og hann spilaði með símböðu allt mótið. Hann hafði þá sagst ætla að hætta um leið og kallið kæmi, sama hvar staðan hefði verið,“ útskýrir Úlfar.

Tiger lýsti því nýverið yfir að hann myndi ekki taka þátt í Opna breska mótinu ef það skaraðist á við fæðingu erfingjans. En golfáhugamenn ættu að geta tekið gleði sína því nú eru allar líkur á því að Woods verði meðal þátttakenda. „Hann hefur áður sagt að hann ætti eftir að taka þátt í mörgum mótum og vinna marga sigra. En barnið, það fæddist aðeins einu sinni,“ segir Úlfar.

ÚLFAR Góðar líkur á því að Tiger verði meðal keppenda á Opna breska en þar kynntust þau Elin fyrst árið 2001.

FÆRIR SUMARIÐ ÞÉR SPENNANDI HLUTI?

Taktu þátt í sumarleik Klassa og þú gættir unnið það sem þú óskar þér. Leikurinn er fyrir ungt fólk á vinnuskólaaldri.

- Kíktu á klassi.is og skráðu þig til leiks.
- Skoðaðu hlutina sem eru í boði og veldu þrjá.
- Leggðu sumarlaunin þín inn á Landsbankareikninginn og sparaðu fyrir hlutunum. Í hvert sinn sem þú leggur inn á reikninginn getur þú valið milli fjölda veglegra Klassagjafa.

Í lok sumars verða 10 Klassafélagar sem hafa náð settu markmiði og sparað fyrir hlutunum sem þeir völdu, dregnið út og fá hlutina gefins frá Landsbankanum.

Landsbankinn

Treystu fagfólki fyrir þínu teiti

- Veislu- og fundþjónusta með 30 ára reynslu
- Nýtt og fullkomið hátæknielhús og búnaður
- Fagleg matargerð sem snertir bragðlaukana
- Hágæða þjónusta og lipurð í framsetningu
- Glæsilegir, fallegir, stílhreinir og vel búnir salir
- Viðburðarstjórnun, ráðgjöf og skemmtikraftar



Skoðaðu sali, veitingar, þjónustu á teiti.is

Teiti veisluþjónusta - Ármúla 9 Reykjavík - Sími 5331100

Árshátíð - Brúðkaup - Ferming - Erfidrykkja - Afmæli - Fundur - Ráðstefna - Áttahagavöld - Sýning

Tuborg og MasterCard kynna í samstarfi við Concert

CHRIS CORNELL

SOUNDGARDEN / TEMPLE OF THE DOG / AUDIOSLAVE

**MasterCard
forsala
hefst í dag
kl. 10:00**

**Almenn sala hefst
á morgun kl. 10:00**

Í fyrsta skipti á sviði,
flytur Chris Cornell
ásamt hljómsveit,
alla smellina frá
Soundgarden,
Temple of the Dog
og Audioslave!

**Laugardaginn
8. september
LAUGARDALSHÖLLINNI**

TUBORG
LÉTTÖL



20% afsláttur af öllum viðburðum Concert
ef greitt er með MasterCard á sérstökum
MasterCard forsöludegi

Kynnið ykkur frekari tilboð og tónleikadagskrá Concert á vef
tónlistarklúbbs MasterCard, www.kreditkort.is/klubbar

**FORSALA AÐGÖNGUMÍÐA
Á WWW.MIDI.IS OG Í
VERSLUNUM SKÍFUNNAR**

Einnig í verslunum BT úti á landi og í Hafnarfirði





SHREK, FÍONA, Stígvélaði kötturinn og Asininn eru mætt aftur í skemmtilegasta ævintýri allra tíma



ÁLFABAKKA				
SHREK 3 M/- ENSKU TAL	kl. 2 - 4 - 6 - 8 - 10-10	L	OCEAN'S 13 VIP	kl. 3 - 5-30
SHREK 3 VIP	kl. 8 - 10-10		PIRATES CARRIBEAN 3	kl. 6 - 8 - 10
SHREK 3 M/- ISL TAL	kl. 2 - 4 - 6	L	ZODIAC	kl. 6 - 9
OCEAN'S 13	kl. 5:30 - 8 - 10:30	7	ROBINSON... M/- ISL TAL	kl. 2 - 4

KRINGLUNNI		AKUREYRI			
SHREK 3 M/- ENSKU TAL DIGITAL	kl. 3 - 8:15 - 10:20	L	SHREK 3 M/- ENSKU TAL	kl. 8 - 10:10	L
SHREK 3 M/- ISL TAL DIGITAL	kl. 4:15 - 6:15	L	SHREK 3 M/- ISL TAL	kl. 6 - 8	L
CODE NAME CLEANER	kl. 4 - 6 - 8 - 10-10	10	OCEAN'S 13	kl. 10:10	7
OCEAN'S 13 DIGITAL	kl. 8 - 10:30	7			
PIRATES 3 DIGITAL	kl. 5	10			

KEFLAVÍK			
SHREK THE THIRD	kl. 6 - 8 - 10	L	
FANTASTIC FOUR	kl. 6	L	
CODE NAME...	kl. 8	L	
OCEAN'S 13	kl. 10	12	

Nýtt í bíó Sími: 553 2075 - bara lúxus

LAUGARÁSBÍÓ - SÝNINGARTÍMAR

SHREK 3 enskt tal	kl. 4, 6, 8 og 10	L
SHREK 3 íslenskt tal	kl. 4, 6 og 8	L
FANTASTIC FOUR 2	kl. 4, 6, 8 og 10	L
HOSTEL 2	kl. 10	18

www.laugarasbio.is

NÝTT Í BÍÓ!

SHREK, FÍONA, ASINN OG STÍGVÉLAÐI KÖTTURINN ERU MÆTT AFTUR Í SKEMMTILEGASTA ÆVINTÝRI ALLRA TÍMA.

STÆRSTA ÖPHUN Á TEIKNIMYND FYRIR OG SÍÐAR.

SHREK HINN ÞRIÐJI

EIN SVALASTA STÓRMYND ÁRSINS!

FANTASTIC FOUR 2

“...besta sumar-afþreyingin til þessa.” SV-MBL

SMÁRA BÍÓ Sími 564 0000

REGNBÖGINN Sími 551 9000

SHREK THE THIRD (ENSKT TAL)	kl. 3 - 5 - 7 - 9 - 11	FANTASTIC FOUR 2	kl. 6 - 8-20 -10-30
SHREK THE THIRD LÚXUS	kl. 3 - 5 - 7 - 9 - 11	THE HOAX	kl. 5:30 - 8 - 10:30
SHREK HINN ÞRIÐJI (ISL TAL)	kl. 3 - 5 - 7 - 9 - 11	28 WEEKS LATER	kl. 5:50 - 8 - 10:10
FANTASTIC FOUR 2	kl. 3:40 - 5:50 - 8 - 10:10	FRACTURE	kl. 8 - 10:30
HOSTEL 2	kl. 8 - 10:10	THE PAINTED VEIL	kl. 5:30
LAST MIMZY	kl. 3		
SPIDERMAN 3	kl. 5		

450 kr. í bíó!

HÁSKOLABÍÓ Sími 530 1919

Álfabakkubíó Sími 462 3500

FANTASTIC FOUR 2	kl. 6 - 8 - 10	FANTASTIC FOUR 2	kl. 6 - 8 - 10
HOSTEL 2	kl. 8 - 10	HOSTEL 2	kl. 6 - 8 - 10
THE INVISIBLE	kl. 6 - 10:30		
28 WEEKS LATER	kl. 6 - 8 - 10		
THE LIVES OF OTHERS	kl. 5:30 - 8		

MIDASALA Á **mid.is** BÍÓ.IS



TEIKNARARNIR Helgi Jóhannsson og Hlynur Ásgeirsson eiga heiðurinn að þeirri grafík sem sjást mun í nýju myndbandi Páls Óskars. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

Nýtt myndband Páls Óskars í anda Sin City

Nýtt myndband með Páli Óskari Hjalmtýssyni við lagið Allt fyrir ástina verður frumsýnt á föstudaginn og fullyrðir söngvarinn sjálfur að um „flottasta tónlistarmyndband sem gert hefur verið á Íslandi“ sé að ræða. Gríðarlega mikill tími og fjármunir hafa verið lagðir í myndbandið en í því er stuðst við svokallaða „green-screen“ tækni þar sem allur bakgrunnur er þrívíddarteiknaður.

„Þetta hefur verið tveggja mánaða stanslaus vinna og ég vona að árangurinn verði eftir því,“ segir Páll Óskar en útlit myndbandsins þykir minna nokkuð á kvikmyndina Sin City eftir Robert Rodriguez, sem markaði ákveðin tímamót í notkun slíkrar tækni.

Hannes Þór Halldórsson leikstýrir myndbandinu og þótt hann taki sjálfur ekki alveg eins djúpt í árinna og Páll Óskar segir Hannes að meiri vinna sé lögð í bakgrunninn en áður hafi þekkt hér

á landi. „Það er gríðarlegur metnaður fyrir þessu verkefni og við erum að feta nýjar slóðir hér á landi hvað varðar eftirvinnslu. Grafíkin er mjög flott,“ segir Hannes.

Helgi Jóhannsson og Hlynur Ásgeirsson eru grafísku hönnuðirnir sem hafa umsjón yfir þrívíddarteikningunum sem notaðar eru í bakgrunni myndbandsins og hafa þeir varla litið upp frá tölvuskjánum síðustu daga, enda stuttur tími til stefnu. Gerð myndbandsins hefur staðið yfir frá því í miðjum apríl og er því gríðarlega mikið undir.

„En við náum að klára þetta

með sóma. Við sleppum því bara að sofa ef með þarf,“ sagði Helgi í samtali við Fréttablaðið.

Allt fyrir ástina er fyrsta smáskífan af væntanlegri sólóplötu Páls Óskars en hljóðblöndun á henni stendur nú yfir.

MySpace.com/palloskar



SIN CITY Mynd sem hlotið hefur mikið lof fyrir magnaða tæknivinnslu.

PÁLL ÓSKAR Segir myndbandið það flottasta í sögu landsins.

Radiohead lekur á netið

Hljómsveitin Radiohead setti á föstudaginn örستutta lagabúta úr lögnum sem verða á nýju plötu á netið. Nigel Godrich upp-tökstjóri plötunnar klippti saman nokkra búta úr lögnum sem þeir eru að vinna í. Aðeins eru teknar nokkrar sekúndur úr hverju lagi þannig að úr verður einnar og hálfur mínútu ruglingslegt lag. Lagabúta má finna í myndbandi sem þeir settu á heimasíðu sína,

www.radiohead.com. Eftir bútu- um að dæma verður platan rök- rétt framhald síðustu plötu, Hail to the Thief.

RADIOHEAD GEFUR AÐ SMAKKA
Forsmekkurinn að nýju plötu Radiohead er á netinu.



SJÁLFSKIPTUR SWIFT

4ra þrepa alvöru sjálfskipting, 1.5 L, 101 hestafla vél, búnaður og aksturseiginleikar í sérflokki. Komdu í reynsluakstur upplifunin verður ánægjuleg.

Verð frá 1.779 þús. 19.834 á mánuði*
Kíktu á suzukibilar.is

SUZUKI ...er lífsstíll!

SUZUKI BÍLAR HF.
Skeifunni 17. Sími 568 5100.

*Mílaað við 30% útborgun og bílasamning Glitnis eil 84 mánaða, 50% ísk/50% erlend mynt.

FRÉTTIR AF FÓLKI

Nicole Richie virðist ekki falla fyrir hinum týpiska myndarlega karlmanni og segist helst vilja að þeir líti út eins og heimilisleysingar. „Ég fíla mjög föla og mjög horaða karlmenn,” sagði hún í viðtali við Harper's Bazaar tímaritið. „Ég vil að þeir líti næstum út fyrir að vera heimilislausir. Svona týpur eins og **David Bowie** eða **Jimi Hendrix** voru í gamla daga.“ Hún er nú í tygjum við **Joel Madden**, söngvara hljómsveitarinnar Good Charlotte, og eru sumir á því að hann hafi þessa „kosti“ að bera.



Velska söngkonan **Charlotte Church** ætlar að nota iPodinn sinn til að lina sársaukann við fæðingu fyrsta barns hennar sem væntanlegt er í heiminna innan skamms. Hún vonast til þess að ljúfir og rólegir tónar muni gera henni gott. Kærastinn **Gavin Henson** gerir einnig hvað hann getur til að hjálpa til og hefur beðið félagana sína í ruðningslíðinu sem eiga börn um ráð. Ekki beinlínis það sem maður hélt að samræður í slíkum búningsklefum snerust um.

Mikið hefur verið rætt um meint samband **Justin Timberlake** og leikkonunnar **Jessicu Biel**. Í síðustu viku hélt Justin því fram að þau væru ekkert annað en vinir. Þau virðast þá allavega vera mjög góðir vinir því þau sáu út að borða saman á rómantískum veitingastað í Stokkhólmi nýlega. Justin er einmitt á tónleikaferðalagi á þeim slóðum og þykir spekulöntum það ósköp „vinalegt“ af Jessicu að fylgja honum á því ferðalagi.



LAW OG SIENNA Meðan allt lék í lyndi. Jude Law hélt framhjá Siennu Miller með barnfóstrunni.

Fóstran með kærasta

Daisy Wright, barnfóstran sem leikarinn Jude Law hélt framhjá með er hann var enn með Siennu Miller, er byrjuð með Maxi Jazz, söngvara Faithless. Wright, sem er 28 ára, og Maxi, sem er nýorðinn fimmtugur, sáu láta vel hvort að öðru á Wireless-hátíðinni sem var haldin í Bretlandi um síðustu helgi. Wright komst í sviðsljósið fyrir tveimur árum þegar upp komst um ástarsamband hennar og Law. Starfði hún þá sem barnfóstra fyrir Law og fyrrverandi eiginkonu hans, Sadie Frost.

Reyfisskáli reistur við Norræna húsið

Stærðarinnar glerskáli verður reistur við hliðina á Norræna húsinu í ágúst. Skálinn er rúmlega 700 fermetrar að stærð, jafn stór Norræna húsinu sjálfu, og rúmar þúsund manns. Hann verður reistur í tilefni Reyfis-hátíðarinnar sem Norræna húsið stendur fyrir. Hátíðin stendur yfir í níu daga, 18. til 26. ágúst.



SKIPULEGGUR REYFI Ellen Marie Fodstad skipuleggur menningarhátíð Norræna hússins í haust.

„Það verður mjög fjölbreytt dagskrá. Mikið af tónlist og eitt-hvað fyrir alla aldurshópa, börn, unglínga og fullorðna,“ segir Ellen Marie Fodstad sem vinnur við að skipuleggja hátíðina. „Meðal annars verður sirkusskáli fyrir börn. Listamenn sem hafa starfað með sirkus Cirkör í Svíþjóð kenna krökkum sirkuskúnstir. Þau fá að

æfa sig í að ganga á línu og fleira skemmtilegt.“

Enn er verið að skipuleggja dagskrána og beðið eftir staðfestingum frá ótal erlendu listafólki. Dagskráin verður betur kynnt í byrjun næsta mánaðar. Það sem

búið er að staðfesta er fyrrnefndur sirkusskáli, danski rithöfundurinn Carsten Jensen og norska hljómsveitin Magnet.

Hátíðin mun ná yfir hvers konar menningu. Þarna verður tónlist af ýmsu tagi, myndlist, vídeóverk og innsetningar, hönnun og arkitektúr. Þá munu margir rithöfundar heimsækja hátíðina, einnig verða sirkus og danssýningar. Auk þessa alls verður sérstök áhersla lögð á norræna matargerðarlist.

„Það verður rosalega mikið af skemmtilegu í gangi, húsið allt verður undirlagt auk glerskálans. Flestir viðburðirnir verða líka ókeypis. Það verða líklega bara stóru tónleikarnir sem verður aðgangseyrir á,“ segir Ellen.



REISIR 700 FERMETRA GLERSKÁLA VIÐ NORRÆNA HÚSIÐ Max Dager, nýr forstjóri Norræna hússins, hyggst gera róttækar breytingar á starfsemi þess.

ÁSKRIFT: 515 6100 | VERSLANIR VODAFONE

ÞAU STÁLU AMERÍSKA DRAUMNUM THE RICHES Í KVÖLD KL. 20:50

OPRAH í kvöld kl. 20:05

THE RICHES í kvöld kl. 20:50

MEDIUM í kvöld kl. 21:40



KÓNGURINN Í KRIKANUM Daði Lárusson hefur verið mark FH af stakri snilld það sem af er sumars og virðist sjaldan eða aldrei hafa verið betri.

Daði Lárusson við það að bæta persónulegt met: Hefur haldið marki FH hreinu í 386 mínútur

FÓTBOLTI Daði Lárusson hefur haldið FH-markinu hreinu í 386 mínútur eða allt frá því að Færeyingurinn Símun Eiler Samuelsen skoraði hjá honum í 2. umferð 20. maí síðastliðinn. FH mætir Breiðabliki í kvöld.

Aðeins þrjú leikmenn hafa skorað hjá Daða í sumar, Símun og svo bræðurnir Bjarni og Þórður Guðjónssynir í leiknum uppi á Akranesi í 1. umferð.

Daði hefur nú haldið hreinu í síðustu fjórum leikjum og er aðeins 41 mínútu frá því að slá eigið persónulega met frá sumarinu 2006. Daði þarf aftur á móti að halda marki sínu hreinu í 26 mínútur til að ná sínum öðrum besta árangri í efstu deild.

Daði hefur verið öll 19 skotin sem komið hafa á hann í síðustu fjórum leikjum.

„Ég væri örugglega búinn að fá

á mig mun fleiri mörk ef ég hefði ekki þessa jaxla fyrir framan mig í vörninni,“ sagði Daði. „En auðvitað stefni ég að því að bæta þetta met. Það væri gaman að því. Við þurfum því að vera á tánum strax frá fyrstu sekúndu,“ sagði Daði í léttum dúr en Magnús Páll Gunnarsson, leikmaður Breiðabliks, skoraði eftir rúma mínútu í síðasta leik.

- óój / esá

PERSÓNULEGT MET DAÐA

Daði Lárusson á möguleika í kvöld að bæta persónulegt met haldi hann hreinu í 41 mínútu.

Tímabil	Mínútur	Hvenær
2006	427	15. júní-16. júlí
2005	412	30. júní-15. ágúst
2007	386	20. maí-???
2004	365	11. júlí-15. ágúst
2005	286	11. júní-26. júní

Stefán Gíslason er eftirsóttur:

Bröndy hækkar tilboðið í Stefán

FÓTBOLTI Danska stórliðið Bröndy ætlar að hækka tilboð sitt í landsliðsmanninn Stefán Gíslason. Forráðamenn félagsins fylgdust með Stefáni skora þrennu og eiga stórleik með Lyn sem vann Brann 6-0 um síðustu helgi. Í kjölfarið bauð Bröndy um 10 milljónir íslenskra króna á Stefán en tilboðinu var hafnað.

Stefán sagði við fjölmiðla í Noregi um helgina að hann vissi ekkert hvernig viðræðum félaganna miðaði en myndi skoða tilboð frá Bröndy ef það byðist. Lyn vill alls ekki missa Stefán sem hefur átt mjög gott tímabil með félaginu.

- hþ



STEFÁN Er hér í leik með Lyn gegn Álasundi nýverið. FRÉTTABLAÐIÐ/SCANPIX

Rúrik Gíslason er enn án félags:

Undir smásjá skoska stórliðsins Celtic

FÓTBOLTI Samkvæmt áreiðanlegum heimildum Fréttablaðsins hefur stórlið Celtic áhuga á því að fá Rúrik Gíslason til sín. Ólafur Garðarsson, umboðsmaður Rúriks, vildi ekki staðfesta að um Celtic væri að ræða, en hann staðfesti að lið í Skotlandi hefði áhuga á Rúrik. Auk þess vilja tvö félög um miðja deild í Hollandi fá Rúrik til sín.

Unglingalandsliðsmaðurinn hefur dvalið hjá Djurgården í Svíþjóð að undanfögnu.

Rúrik sagði við Fréttablaðið um helgina að honum litist vel á félagið sem er að undirbúa samningstilboð. Rúrik lagði mikla áherslu á að hann vildi fá að spila í hverri viku en mál hans ættu að skýrast fljótlega.

- hþ

Margrét Lára fær fyrirsurnir nánast daglega frá félögum á meginlandi Evrópu:

Margrét Lára getur fengið ofurlaun í Noregi

FÓTBOLTI Norskir fjölmiðlar greindu frá því að norska liðið Grand í Bodø hafi mikinn áhuga á því að fá Margréti Lára Viðarsdóttur í sínar raðir og greiða henni „ofurlaun“ fyrir. Samkvæmt fréttinni stendur henni til boða að tvöfalda launin sín hjá Val og fá um 600 þúsund krónur í mánaðarlaun. Það þýðir að hún er með 300 þúsund krónur í mánaðarlaun hjá Val sem hljóta að teljast talsverð tíðindi.

Elisabet Gunnarsdóttir, þjálfari hennar hjá Val, sagði að fyrirsurnum frá félögum víða erlendis frá rigndi yfir hana.

„Það er mikið búið að hringja í hana sjálfa sem við erum ekki sátt við því hún er samningsbundin Val,“ sagði Elisabet en Margrét Lára skrifaði undir tveggja ára samning við Val í vetur. Hún hefur því fengið sér umboðsmann, Guðlaug Tómasson, og vísað þessum fyrirsurnum á hann.

„Þetta er ekki áhugaverður kostur fyrir hana og ýttum við þessu strax út af borðinu,“ sagði Guðlaugur. „Liðið er einfaldlega ekki nógu gott. En hún ætlar líka að bíða og sjá til þar til tímabilinu lýkur hér heima. Við vitum að það eru mun betri lið en þetta sem hafa áhuga á henni.“

Bæði Guðlaugur og Elisabet segja það ljóst að hún fari ekki frá Val fyrr en að tímabilinu loknu hér heima og Valur lýkur þátttöku sinni í Evrópukeppninni.

„Ég hvet hana til að fara aftur út,“ sagði Elisabet sem sagði að félög í Þýskalandi, Ítalíu, Noregi og Svíþjóð hefðu áhuga á henni og hefðu haft lengi.

Margrét Lára lék í vetur með Duisburg í Þýskalandi en hætti skýndilega með liðinu og kom það talsvert á óvart. „Í ljósi reynslu sinnar ætlar hún að skoða sín mál vel og fara rólega í hlutina. Ég held að hún sé ekki spennit fyrir því að fara aftur til Þýskalands og Norðurlöndin yrðu sennilega ákjósanlegur kostur fyrir hana,“ sagði Guðlaugur.



MARGRÉT LÁRA Fagnar hér glæstum sigri íslenska landsliðsins gegn Frökkum um helgina. FRÉTTABLAÐIÐ/DANIEL

Elisabet sagði að þær tölur sem nefndar voru í norskum fjölmiðlum í gær væru mikið gleðiefni. „Það er frábært að íslenskri knattspyrnukonu standi til boða slík laun.“

Það er engin nýlunda að kvenkyns íþróttamenn fái há laun í

Skandinavíu. Hæstu launin eru þó örugglega í dönsku kvennadeildinni í handbolta en þar fá leikmenn allt að eina og hálfu milljón króna í mánaðarlaun. Karlarnir í danska handboltanum eru nýbúnir að ná sömu launum en voru með mun lægri laun.

- esá

Sumarskóli TBR 2007

-nýtt skipulag!

Sumarskóli TBR hefur verið starfræktur í 20 sumur. Þetta er alhliða íþróttaskóli og eru fjölmargar íþróttagreinar á dagskrá. Badmintoníþróttin skipar þó veglegan sess, enda er hún aðalíþrótt TBR. Við starfrækjum íþróttaskóla fyrir 6-13 ára börn í sumar. Skipt er í hópa eftir aldri.

Á námskeiðinu er stefnt að því að kynna nemendum helstu grunnatriði badmintoníþróttarinnar. Kennslan fer bæði fram á leikjaformi og í formi tækniafanga og skiptist erfiðleikastig þeirra eftir aldri og getustigi þátttakenda. Einnig kynnast nemendur helstu leikreglum.

Námskeiðið er fjölbreytt, spennandi og skemmtilegt og við nýtum okkar frábæru staðsetningu í Laugardalnum, auk þess að fara í stuttar ferðir með strætó út fyrir dalinn. Á hverju námskeiði er m.a. farið í Fjölskyldu- og Húsdýragarðinn, í sund í Laugardalnum, ratleik í Elliðaárdalnum, Nauthólsvík heimsótt o.s.frv. Hverju námskeiði lýkur með hátíðardagskrá með ýmsum skemmtilegum viðburðum.

Boðið verður upp á bæði heils- og hálf dagsvistun, frá 9-13 og 9-16. Möguleiki er á gæslu frá 8-9 og frá 16-17. Boðið er upp á léttan hádegisverð fyrir börn sem eru í heilsdagsvistun. Þjálfarar eru m.a. Skúli Sigurðsson íþróttakennari, Broddi Kristjánsson íþróttakennari, Tinna Helgadóttir badmintonþjálfari, Árni Þór Hallgrímsson badmintonþjálfari, Jónas Huang badmintonþjálfari.

Námskeið 2 25. júní - 6. júlí
Námskeið 3 7. ágúst - 20. ágúst

Verð er kr. 8.000 fyrir námskeið kl. 9-13 og kr. 15.000 fyrir námskeið kl. 9-16.

Upplýsingar og innritun í síma 581-2266.

Öll börn í Sumarskólanum fá jafna viðurkenningu fyrir þátttöku og verðlaunapening eins og stefna ÍSÍ í þjálfun barna og unglinga segir til um.

TENNIS- OG BADMINTONFÉLAG REYKJAVÍKUR
Gnoðarvogi 1, 104 Reykjavík, Sími: 581-2266 tbr@tbr.is www.tbr.is



MEGAN MULLALLY

Leikkonan á bakvið hina skærröddu Karen Walker í Will og Grace heitir Megan Mullally. Hún fæddist árið 1958 og er af írsk-bandarískum ættum. Megan stefndi á gráðu í bókmenntum en heillaðist af leiklist í gegnum skólaleikrit og -söngleiki og hætti því í námi. Síðan þá hefur ferillinn legið upp á við en hátindurinn er án efa þættirnir Will og Grace sem eru á Skjá einum kl. 19.30.



dagskrá



VIÐ TÆKID VIGNIR GUÐJÓNSSON FYLGDIST MEÐ BRITAIN'S GOT TALENT Á YOUTUBE

Hver þarf sjónvarp þegar YouTube er til staðar?



Fréttablaðið hefur að undanförnu fjallað talsvert um hvunnagshetjurnar sem slegið hafa í gegn í þættinum Britain's got talent þar ytra en sýningum á þáttunum lauk um helgina. Paul Potts, 36 ára lagerstarfsmaður símafyrirtækis í Wales, sigraði í keppninni eftir harða baráttu við hina sex ára Connie Talbot.

Myndskeið af þessum keppendum fóru eins og eldur um sínu á netinu í síðustu viku og frammistaða þeirra varð að umtalsefni á kaffistofum, í matarboðum og á spjallrásum hér á landi. Flestir fjölmiðlar landsins fjölluðu um málið og flutningur þeirra Potts og Talbot á lögum sínum var spilaður á útvarpsstöðvum. Hér á Íslandi höfðu margir skoðun á því hver ætti að sigra og þau hafa jafnvel þegar eignast sinn aðdáendahóp hér á landi.

Svona vangaveitur fylgja gjarnan raunveruleikabáttum hér á landi, hvort sem þeir eru íslenskir eða erlendir. Það sem er hins vegar öðruvísi við umræðuna og umfjöllunina nú er að þættirnir eru ekki sýndir hér á landi. Öll umræðan byggist á því sem finna má á netinu, hvort sem það eru myndskaið, myndir, spjallþræðir, greinar eða hvað annað. Netíð hefur eitt og sér skapað mikinn áhuga á þætti sem líklega fáir vissu að væri til áður en myndskaiðin birtust á YouTube. Þegar þetta er skrifað hafa fleiri tugir milljónir manna frá öllum heimshornum fylgst með þáttunum í gegnum YouTube. Öll heimabyggðin hefur áhuga á keppendum í sjónvarpsþætti sem aðeins er sýndur í Bretlandi. Tæknin í heiminum í dag er orðin slík að sjónvörp eru að vissu leyti orðin óþörf. Það er stórmerkileg þróun.

EKKI MISSA AF

SJÓNVARPIÐ



SIRKUS TV

SKJÁREINN



► 20.10 Ljóta Betty SJÓNVARPIÐ



► 20.05 Oprah STÖÐ 2



► 20.05 The Life Aquatic with Steve Zissou STÖÐ 2 BÍÓ



► 21.10 Supernatural SIRKUS



► 22.00 Jericho SKJÁREINN

- 17.05 Leiðarljós
17.50 Táknmálfréttir
18.00 Disneystundin
18.01 Alvöru dreki (14:19)
18.23 Sígildar teiknimyndir (39:42)
18.30 Suðandi stuð (19:21)
18.54 Víkingalottó
19.00 Fréttir
19.30 Veður
19.35 Kastljós
► 20.10 Ljóta Betty (19:22) Bandarísk þáttaröð um ósköp venjulega stúlku sem er ráðin aðstoðarkona kvennabósa sem gefur út tiskutímarit í New York.
20.55 Litla-Bretland (5:6) Bresk gamanþáttaröð þar sem grínistarnir Matt Lucas og David Walliams bregða sér í ýmissa kvikinda líki. e.
21.35 Nýgræðingar Gamanþáttaröð um lækinn J.D. Dorian og ótrulegar uppkomur sem hann lendir í.
22.00 Tíufréttir
22.25 Rolando Villazón Heimildamynd um mexíkóska tenórsöngvarann Rolando Villazón sem hefur sungið sig inn í hjórtu óperunnenda um allan heim. Í myndinni rifjar Villazón upp eftirminnleg atvik frá ferli sínum og meðal annars er sýnt frá æfingum hans með Önnu Netrebko fyrir La Traviata í Salzburg og frá rómuðum söng hans í sýningum í Liceo í Barcelona og í Ríkisoperunni í Berlín.
23.25 Mótorsport
23.55 Kastljós
00.50 Dagskrárlok
- BÍÓ STÖÐ 2 BÍÓ
- 06.05 The Life Aquatic with Steve Zissou
08.00 New York Minute
10.00 First Daughter
12.00 Envy
14.00 New York Minute
16.00 First Daughter
18.00 Envy
► 20.00 The Life Aquatic with Steve Zissou Útsmógin og margslungin gamanmynd eftir Wes Anderson.
22.00 Cinderella Man
00.20 Final Destination 2
02.00 Conan the Destroyer
04.00 Cinderella Man

- 07.00 Villingarnir
07.20 Myrkfælnu draugarnir
07.30 Stubbarnir
07.55 Myrkfælnu draugarnir
08.10 Oprah
08.55 Í finu formi 2005
09.10 Bold and the Beautiful
09.30 Forboðin fegurð (73.114)
10.15 Grey's Anatomy (32.36)
11.00 Fresh Prince of Bel Air 5
11.25 Sjálfstætt fólk
12.00 Hádegisfréttir
12.45 Nágrannar
13.10 Í sjöunda himni með Hemma Gunn
14.20 Extreme Makeover. Home Edition (1.32)
15.50 Smá skrítnir foreldrar
16.15 Batman
16.38 Könnuðurinn Dóra
17.03 Kalli og Lóla
17.18 Pocoyo
17.28 Bold and the Beautiful
17.53 Nágrannar
18.18 Ísland í dag og veður
18.30 Fréttir
18.55 Ísland í dag, íþróttir og veður
19.40 The Simpsons (13.22)
► 20.05 Oprah (What Five Words Describe Your Marriage?)
20.50 The Riches (4.13) Glæný, bandarísk þáttaröð með Minnie Driver í aðalhlutverki.
21.40 Medium (19.22)
22.25 Grace of My Heart Edna Buxton kemur til New York undir lok sjötta áratugarins með það fyrir augum að hasla sér völl í heimi dægurlagatónlistar. Hlutskipti hennar verður hins vegar að semja lög fyrir aðra og sjálf er hún alltaf í bakgrunninum. Aðalhlutverk. Illeana Douglas, Matt Dillon, Eric Stoltz, John Turturro. Leyfð öllum aldurshópum.
00.20 Bones (7.21)
01.05 Along Came Polly
02.35 Gale Force
04.10 Medium (14.22)
04.55 The Simpsons (13.22)
05.20 Fréttir og Ísland í dag
06.30 Tónlistarmyndbönd frá Popp Tívi

- 18.00 Insider
18.30 Fréttir
19.00 Ísland í dag
19.30 Entertainment Tonight í gegnum árin hefur Entertainment Tonight fjallað um allt það sem er að gerast í skemmtanabransanum og átt einkaviðtöl við frægar stjörur.
19.55 Daisy Does America (6.8) (e)
20.20 American Inventor (14.15) Í American Inventor er leitað eftir nýjum uppfinningum sem gætu slegið í gegn. Verðandi uppfinningamaður viðsvegar um Bandaríkinn fá nú tækifæri á að kynna uppfinningu sína og nokkrir útváldir fá pening til að þróa hana. Að lokum mun einn heppinn uppfinningamaður stana uppi sem sigurvegari og fær hann eina milljón dollara í vasann. Þættirnir koma frá höfundum American Idol og sjálfum Simon Cowell.
► 21.10 Supernatural (19.22) Spennuþættirnir vinsælu Supernatural snúa aftur á skjáinn. Bræðurnir Sam og Dean halda áfram að berjast gegn illum öflugum og eiga í baráttu við sjálfan djöfulinn. Nú leita þeir hefnda. Hörkuspennandi þættir sem hafa slegið í gegn út um allan heim.
22.00 The Shield (2.10) Hörkuspennandi þáttaröð um lögreglu í Los Angeles sem hikar ekki við að brjóta löginn til að fá sínu framgengt. Í þessari sjöttu þáttaröð eru spiltu löggúmar enn við sama heygardshornið og það er erfitt að greina á milli löggæslunnar og glæpamanna. (2.10) Einn úr liðinu gengur allt of langt til þess að koma manni á bak við lás og slá. Stranglega bönnuð börnum.
22.50 Las Vegas (1.17) Spennandi bandarísk þáttaröð sem gerist í partiborginni Las Vegas.
23.35 My Name Is Earl (17.23) (e)
00.00 Hidden Palms (1.8) (e)
00.45 Entertainment Tonight (e)
01.10 Tónlistarmyndbönd frá Popp TV

N4 SJÓNVARP NORDURLANDS

18.15 N4 Fréttir og að þeim loknum veðurréttir og magasinþáttur. Dagskráin er endursýnd á klukkutíma fresti til kl. 10:15 næsta dag.

16.45 og 17.45 Átak með Guðrúnu Gísla. Endursýning á klukkutíma fresti frá 05:45 til 09:45 næsta dag.

OMEGA

Dagskrá allan sólarhringinn.

515 6100 | SYN.IS | VERSLANIR VODAFONE

Landsbankinn

Í KVÖLD KL. 19:45

FH - BREIÐABLIK

LANDSBANKINN VEILDIN



SYN
- besta sætið

Í KVÖLD

STÖÐ 2 KL. 20.50
The Riches

Malloy-fjölskyldan heldur áfram að pretta nágrannana en fjölskyldan er ekki eins og fólk er flest. Í þætti kvöldsins er hið falska líf Rich-fjölskyldunnar í hættu þegar fyrrum eiginkona hins raunverulega Doug Rich birtist. Hvernig tekst svikahröppunum að bjarga sér úr þessari klípu?



Við mælum með Litla-Bretland Sjónvarpið kl. 21.05

Sjónvarpið endursýnir nú Litla-Bretland, sprengfýndna breska gamanþáttaröð þar sem grínistarnir Matt Lucas og David Walliams bregða sér í ýmissa kvikinda líki og kynna áhorfendum furður Bretlandseyja í stuttum grínatriðum. Þættirnir hafa unnið til fjölda verðlauna og hlutu meðal annars Bresku grínverðlaunin, The British Comedy Award.



RÁS 1 FM 92,4/93,5

- 06.50 Bæn
- 07.05 Morgunvaktin
- 09.05 Laufskálinn
- 09.45 Morgunleikfimi
- 10.13 Dragspilið dunar
- 11.03 Samfélagið í nærmynd
- 12.00 Fréttayfirlit
- 12.03 Hádegisútvarp
- 12.20 Hádegisfréttir
- 12.45 Veðurfregnir
- 12.50 Dánarfregnir og auglýsingar
- 13.00 Vítt og breitt
- 14.03 Útvarpsagan: Lífsjátning
- 14.30 Miðdegistónar
- 15.03 Sögur af sjó og landi
- 16.00 Síðdegisfréttir
- 16.10 Veðurfregnir
- 16.13 Hlaupanótan
- 17.03 Víðsjá
- 18.00 Kvöldfréttir
- 18.25 Spegillinn
- 18.50 Dánarfregnir og auglýsingar
- 19.00 Laufskálinn
- 19.40 Sumarsaga barnanna: Borgin við sundið
- 20.00 Heima er best
- 20.40 Kvöldtónar
- 21.00 Út um græna grundu
- 21.55 Orð kvöldsins
- 22.15 Kvöldsagan: Drekar og smáfuglar
- 23.00 Bókmenntir og landafræði
- 00.10 Útvarpað á samtengdum rásum

FM 90,9 Talstöðin FM 99,4 Útvarp Saga FM 98,9 Bylgjan FM 95,7 FM957 / Topp tónlistarstöðin FM 102,2 Útvarp Latibær / Fjölskyldu útvarp FM 102,9 Lindin / Kristilegt efni FM 96,7 Létt Bylgjan / Tónlist og afþreying FM 105,5 Útvarp Boðun / Kristilegt efni FM 88,5 XA-Radíó / 12 spora efni FM 97,7 X-ið / Enginn viðbjóður

SYN

07.00 NBA 2006/2007 - Playoff games (NBA 2006/2007 - Finals games)

15.35 Landsbankadeildin 2007 (ÍA - Valur)

17.15 Gillette World Sport 2007 Íþróttir í lofti, láði og legi. Fjölbreyttur þáttur þar sem allar greinar íþróttar eru teknar fyrir. Þáttur sem sýndur hefur verið í áratíðir við miklar vinsældir.

17.45 NBA 2006/2007 - Playoff games

19.45 Landsbankadeildin 2007 (FH - Breiðablik)

22.00 Landsbankamörkin 2007 Þáttur um Landsbankadeildina þar sem sýnd eru helstu tilþrifið í síðustu leikjum í deildinni. Mörkin, spjöldin, dauðafærin, markvörslurnar, viðbrögð leikmanna og þjálfara ásamt fjölmörgu fleiru áhugaverðu.

22.30 Arnold Schwarzenegger mótið 2007 Þetta mót heitir í höfuðið á ríkisstjóra Kaliforníu sem áður gerði garðinn frægann í vaxtarækt. Hér er á ferðinni mót sem orðið er að stórvindburði í íþróttahæiminum.

23.00 Spænsku mörkin

23.45 Landsbankadeildin 2007 (FH - Breiðablik)

FASTEIGNASJÓNVARPIÐ

20.00 Nýjar eignir Nýjustu eignirnar á markaðnum sýndar.

21.00 Einbýlishús Ertu að leita að einbýlishúsi – þú finnur það hér!

22.00 Fjölbýli og hæðir Litlar og meðalstórar eignir sýndar.

23.00 Nýjar eignir e.

0.00 SMS eignir Veldu þá eign sem þú vilt skoða með því að senda sms-skilaboð.

DR 1

6.00 Elmers verden 6.15 Brum 6.30 Cirkus Dannebrog 7.00 En rejse blandt svenske haver 7.30 Fart på karrieren 8.25 OBS 8.30 Iværksætterne 9.00 En dag i haven 9.30 Mor til 8 10.00 TV Avisen 10.10 Vagn på vejen 10.40 Vildmark 11.10 Schackenborg - Godset i Grønland 11.40 Fest ved fjorden 12.20 Hokus Krokus 12.50 Nyheder på tegnsprog 13.00 TV Avisen med vejret 13.10 Dawsons Creek 14.00 Hjerteflimmer Classic 14.30 Pucca 14.35 Hannah Montana 15.00 Verdnemes bog 15.30 Der var engang 16.00 Når elefanten går i brusebad 16.30 TV Avisen med Sport og Vejret 17.00 Miss Marple 18.00 Søren Ryge 18.30 Min store drøm 19.00 TV Avisen 19.25 SportNyt 19.30 Kriminalkommissær Foyle 21.10 Seinfeld 21.35 Onsdags Lotto 21.40 Planet X 4.30 Karlsson på taget 5.00 Rasmus Klump 5.10 Morten 5.30 Gnotteme 6.00 Elmers verden

NKI

6.30 Jukeboks: Norge rundt 7.30 Jukeboks: Dansefot 8.05 Den siste dansen 9.05 Oddasat - Nyheter på samisk 9.20 Distriktsnyheter 9.40 Fra Nordland 10.00 Siste nytt 10.05 Distriktsnyheter 10.20 Fra Møre og Romsdal 10.40 Fra Hordaland og Sogn og Fjordane 11.00 Siste nytt 11.05 Distriktsnyheter 11.20 Fra Aust- og Vest-Agder 11.40 Fra Buskerud, Telemark og Vestfold 12.00 Siste nytt 12.05 Distriktsnyheter 12.20 Fra Oslo og Akershus 12.40 Fra Østfold 13.00 Siste nytt 13.05 Kar for sin kilt 14.00 Siste nytt 14.03 Lyoko 14.25 Sinbads fantastiske reiser 14.50 Creature Comforts: hvordan har vi det? 15.00 Siste nytt 15.10 Oddasat - Nyheter på samisk 15.25 Perspektiv: - Vi sloss for Norge 15.55 Nyheter på tegnspråk 16.00 Nysgjerrige Nils 16.10 I Mummidalen 16.40 Distriktsnyheter 17.00 Dagsrevyen 17.30 Og nå 17.55 Walkabout: Irland rundt på 80 kroner 18.25 Når søvn blir en fiende 18.55 Distriktsnyheter 19.00 Dagsrevyen 21 19.40 Vikinglotto 19.45 Lov og orden: New York 20.30 Den globale miljøhøst 21.00 Kveldsnytt 21.20 Carnivale 22.05 Battlestar Galactica 5.30 Jukeboks: Vitenskap

SVT 1

7.15 Hej hej sommar 7.16 Tintin 7.45 Blue Water High 10.00 Rapport 10.05 Bildhuggaren 12.25 Elvis - That's the Way It Is 14.00 Rapport 14.05 Gomorron Sverige 15.00 När vi åt tandkräm 16.00 Fifi och blomsterfröna 16.10 Evas sommarplåster 16.15 En unge till 16.25 Dagens visa 16.30 Hej hej sommar 16.31 Tintin 17.00 Blue Water High 17.30 Rapport 18.00 Musikgeniet 18.50 Hon får spel 19.00 Elizabeth I 20.50 Rapport 21.00 Försvarsadvokaterna 21.45 Sändningar från SVT24 4.00 Gomorron Sverige

Ævintýrlega gott á grillið!

Fjölbreytt úrval af gæða kjöti og fisk á grillið.

Láttu matreiðslumenn okkar aðstoða þig við valið.

Mikið úrval að girnilegum fiskréttum hönnuðum af fremstu matreiðslumeisturum landsins.



Ljúffengar lambalundir á grillið.



Gómsæt sjóbleikja á grillið



T-bone steik að hætti Gallerí Kjöts



Prófaðu vinsælu sjávarréttagrillpinnana.



Ævintýrlegar sælkerabúðir

Sælkerabúðir Gallerí kjöts og Fiskisögu: Dalvegur 4, Tjarnarvellir 15, Búðakór 1
Sælkerabúðir Fiskisögu: Hamraborg 14a, Skipholt 70, Höfðabakki 1, Nesvegur 100
Sundlaugarvegur 12, Háaleitisbraut 58-60, Ægisbraut 29, Akranesi



Parna er ég að auglýsa skóla-leikritið Undantekningin og reglan sem leikfélag MH syndi. Parna tók ég mín fyrstu alvöru skref í leiklist og eftir þau var ekki aftur snúið.
Edda Björgvinsdóttir leikkona. Myndin er tekin 1970.

VR skoðar mál FL Media

„Við reiknum með því að fá reikningana frá Rottweiler í dag og þá munum við fara yfir málin,“ segir Ómar Vilhelmsson, framkvæmdastjóri Flass.net. Fréttablaðið hefur að undanfögnu fjallað um meintar vanefndir viðburðarfyrirtækisins FL Media hvað launamál varðar í kjölfar þess að rapphljómveitin XXX Rottweiler setti upp heimasíðuna oskaraxelskuldarpening.blogspot.com.
Málið snýr að þrennum tónleikum sænska plötusnúðsins Basshunter í nóvember sem Rottweiler segjast ekki hafa fengið greitt fyrir. Þegar Ómar hafði fengið ljósrit af reikningum seinnipartinn í gær kannaðist hann við hluta þeirra en alls ekki alla. Í

tölvupósti til Fréttablaðsins frá Ómari stóð: „Sá aðili sem samdi við hljómveitina á sínum tíma þarf að afgreiða reikninga og kvitta fyrir þeim, ef þeir reynast réttir, [hann] er erlendis og kemur ekki til landsins fyrr en 28. júní. Ef þeir reynast réttir munu eftirstöðvar þeirra vera greiddar, ef þeir hinsvegar reynast ekki í samræmi við það sem um var samið á sínum tíma verðum þeim mót-mælt.“ Sá aðili sem um ræðir mun vera Óskar Axel Óskarsson, markaðsstjóri FL Media. Erpur Eyvindarson greindi Fréttablaðinu frá því að fjórmenningarnir í Rottweiler hafi sent FL Media reikninga dagana 16.-26. nóvember. Þeir hafi hins vegar ekki verið greidd-

ir nema að hluta. „Ég hef sjálfur fengið greiddan minn hluta en hinir þrír hafa ekki fengið neitt,“ segir Erpur.
Ómar sagði í samtali við blaðið að laun fyrrum tónlistarstjóra stöðvarinnar, Magnúsar Árna Gunnarssonar, yrðu greidd en gat ekki tjáð sig um í hvaða farvegi mál fyrrum viðburðarstjórans, Carmen Jóhannsdóttur, væri. Hjá VR fengust þær upplýsingar hjá Elíasi Magnússyni, forstöðumanni kjarasviðs, að einhverjir aðilar hefðu haft samband og óskað eftir aðstoð sökum vangaldinna launa af hendi FL Media. Elías vildi ekki gefa upp hversu margir þeir væru.
- fgg



ÓMAR Segir að Óskar Axel, markaðsstjóri FL Media, þurfi að skrifa upp á reikningana frá Rottweiler.

1	2	3	4	5
6	7	8		
9	10	11		
12		13		
14				15
16		17		
18	19	20		
21				

LÁRÉTT 2. jurtt 6. kusk 8. umfram 9. heyskaparamboð 11. þurka út 12. skopleikrit 14. starfsaðferð 16. ætíð 17. skörp brún 18. bókstafur 20. á fæti 21. sjávardyr.

LÓÐRÉTT 1. skaut 3. guð 4. vesalingur 5. hallandi 7. eilífð 10. frjó 13. gerast 15. blóðsuga 16. gras 19. sjúk-dómur.

LAUSN

ígla, 16. sef, 19. ms, 5. ská, 7. óratími, 10. fræ, 13. ske, 15. LÖBÉTT: 1. klór, 3. ra, 4. aumíngi, egi, 18. emm, 20. il, 21. fisk. LÁRÉTT: 2. gras, 6. ló, 8. auk, 9. ort, 11. ma, 12. farsr, 14. tækn, 16. sí, 17.



FERÐAMENN BORÐA HVALKJÖT Sægreifinn Kjartan Halldórsson segir ferðamenn koma beint úr hvalaskoðunarferðum að borða hvalkjöt.

KJARTAN HALLDÓRSSON SÆGREIFI: METTAR SVANGA MAGA

Ferðamenn fara úr hvalaskoðun í hvalkjötsát

„Þeir koma hér til mín og gleypa þetta í sig alveg hreint,“ segir Kjartan Halldórsson sem rekur veitingastaðinn Sægreifann við Reykjavíkurbær. Hann segir það daglegt brauð að erlendir ferðamenn komi til hans að smakka hvalkjöt eftir að hafa farið í hvalaskoðun. „Þeir fara út að skoða hvalina og svo blæs hvalurinn framán í þá og þá koma þeir gráðugir til mín að borða,“ segir sægreifinn og hlær.
Einar Steinhórrsson hjá hvalaskoðunarskipinu Hafsilunni segist ekki verða mikið var við að fólk fari úr ferðunum hjá honum að borða hval. „Meirihluti þeirra útlendinga sem ég tala við í skoðunarferðunum eru mjög mótfallnir hvalveiðunum. Sérstaklega Bretar, Bandaríkjamenn og Norðurlandabúar sem koma hingað.“ Einar segir að margir spyrji




FERÐAMENN MÓTFALLNIR HVALVEIÐUM Einar Steinhórrsson hvalaskoðunarmaður segir flesta sem hann talar við mótfallna hvalveiðum Íslendinga.

út í hvalveiðarnar en það fari þó eftir því hversu áberandi veiðarnar hafi verið í umræðunni hversu mikið er spurt. „Ég er hræddur um að það eigi ekki eftir að hafa góð áhrif þegar Paul Watson kemur,“ segir Einar en Paul Watson er, eins og kunnugt er, forsvarsmáður Sea Shepard dýraverndunar-

samtakanna sem sökktu tveimur hvalveiðiskipum við Reykjavíkurbær árið 1986.
Einar segist einnig heyra af vanþóknun fólks í gegnum ferðaskrifstofur. Í haust þegar langreyðaveiðarnar voru áberandi í fjölmiðlum hafi ferðamenn mikið talað um að þetta væri þeim ekki að skapi. Hann segist reyndar ekki vita um afbókanir vegna þessa.
Einar segist þó hafa smakkað hval og finnst þetta ágætis matur þegar hann er rétt matreiddur án þess þó að hann myndi kaupa hvalkjöt sjálfur.
Kjartan í Sægreifanum segir að ferðamönnum sem komi til hans finnst ekkert að því að borða hval. „Það er bara einstaka manneskja sem er foj og hleypur út. Það er viðburður þegar það gerist.“
jara@frettabladid.is

FRÉTTIR AF FÓLKI

Fjölmiðlafræðingurinn **Guðbjörg Hildur Kolbeins** hefur opnað bloggsíðu sína fyrir almenningi á ný þar sem hún tjáir sig sem fyrr um fjölmiðla frá ýmsum hliðum. Í nýlegum pistli lætur Guðbjörg Mannlíf fá það óþvegið og sakar hún ritstjóran **Reyni Traustason**, ritstjóra blaðsins, um leti.
Hún segir það forkastanleg vinnubrögð að blaðið hafi ekki neynt að hitta **Gunnar Birgisson** að máli og taka við hann viðtöl í tilefni um fjöllumunarinnar um bæjarstjóran í síðasta tölublaði Mannlífs.



Guðbjörg vísar til þess að tímaritið hafi sent spurningalista í tölvupósti til bæjarstjórans sem hafi ekki viljað svara spurningum með þeim hætti. „Tæknin hefur auðið á leti blaðamanna,“ fullyrðir Guðbjörg. Almennt virðist sem Guðbjörg kunnir ekki við **Reyni** því síðasta færsla hennar áður en hún lokaði bloggi sínu í byrjun mars sl. var um léleg vinnubrögð tímaritsins Ísafoldar um fátækt. Þá var tédur Reynir einmitt annar ritstjóra Ísafoldar.

Sjónvarpsmaðurinn **Egill Helgason** og fyrirtækið 365, sem meðal annars gefur út Fréttablaðið, hafa náð sáttum vegna ágreinings sem kom upp fyrr í mánuðinum vegna fyrirhugaðra starfa Egils hjá RUV. Samkomulagið felur í sér að Egill er laus undan samningsskuldbindingum sínum við 365. Í tilkynningu segir Egill að hann sé sáttur við málalokin. „Ég hlakka til að takast á við þau verkefni sem biða mín á RUV frá og með næsta hausti. [...] Ég vil þakka farsælt samstarf við Stöð 2 á liðnum árum og óska 365 farsældar.“ **Ari Edwald** segir 365 sátt við þann endi sem deilan fékk og eru Agli þökkud störf hans í þágu Stöðvar 2 á liðnum árum.
- vig



Gefðu dýrmætasta efni í heimi
Hjálparstarf kirkjunnar
www.help.is

GRILL TILBOÐ
Langa í eftirlæti prinsins
Keila í indversku karry
AÐEINS 590kr/kg
Þetta er ótrúlegt en satt
Stór humar-Prinsaspjót-Forréttaspjót

Þú getur alltaf treyst á prinsinn
Hlíðasmára 8 • 201 Kópavogi
s: 554 7200 • www.hafid.is

Kvæðakonan Camilla á blogginu

Steinunn Camilla úr stúlknasveitinni Nylon hefur opnað bloggsíðuna manzana.blog.is sem væri ef til vill ekki í frásögur færandi nema að þar sýnir söngkonan hæfileika sína í kveðskap og ljóðagerð. „Ég hef nú skrifað ljóð síðan ég var níu ára,“ segir Steinunn sem tók blogg- id í sína þjónustu í síðustu viku.
Ljóðin eru af öllum stærðum og gerðum. Steinunn segir þetta einfaldlega vera hugljúfar pælingar um lífið og tilveruna en að ekki standi til að gefa þetta út á bókformi. „Þetta er nú bara eitthvað sem ég geri í mínum frístundum,“ segir Steinunn sem bjóst ekki neitt sérstaklega við að hún kæmi að gerð lagatexta hjá Nylon-flokknum. Slíkt væri nánast alfarið í höndunum á Ölmum sem væri snillingur í slíku.
Nylon-stelpurnar eru komnar í langþráð sumarfrí eftir að hafa verið á stanslausum þönum í rúm þrjú ár.
- fgg

Dökka hliðin
Í tunglskins bjartri nóttu þar stend ég Dansandi við eigin skugga í augnabliki miðnætts

Í dal efans þar geng ég brotnar herðar undan þungum áhyggjum lífsins.

Hvergi í einskislandi þar er ég föst í vef hugans Dropapollar táranna í stríði við hugsanir

Þar sem stjörnurnar villtar falla úr himnanna faðmlagi

Þar stend ég og geng áfram og held áfram að vera

*tekið af vef Steinunnar Camillu.



STEINUNN Skrifar hugljúfar pælingar um lífið og tilveruna á bloggsíðuna manzana.blog.is

LANDSMÓTUMFÍ KÓPAVOGI 5.-8.JÚLÍ



Fyrsti vinningur er glæsilegur
Toyota Corolla 2007.
Hann er til sýnis í Smáralindinni.



Þú getur unnið!

Ef þú vinnur ekki til verðlauna á Landsmóti UMFÍ
getur þú samt unnið glæsilega vinninga.

Skráðu þig núna! ► <http://landsmot.kopavogur.is>

Nú er skráning í fullum gangi á landsmót UMFÍ en keppni í eftirtöldum greinum er öllum opin. Allir keppendur fá happdrættismiða en þar verður dregið úr glæsilegum vinningum m.a. Toyota Corolla, 10 utanlandsferðum með gjaldeyri og gjafakörfum frá Vífilfelli. Landsmótið er fjögurra daga íþrótt-, menningar- og skemmtihátíð sem haldin verður í Kópavogi 5.-8. júlí.

Hver er þín íþrótt? - skráðu þig núna!

FIMLEIKAR	GOLF	SPARKVALLABOLTI
RINGÓ	STRANDBLAK	HJÓLREIÐAR
PÚTT	GÖTUHLAUP	BOCCIA
LÍNUDANS	TENNIS	FRISBÍGOLF



Landsmót UMFÍ - frábær fjölskylduhátíð fyrir alla



LANDSMÓTUMFÍ

KÓPAVOGI 5.-8.JÚLÍ



BAKÞANKAR

PÓRHILDAR ELÍNAR ELÍNARDÓTTUR

Daníel og Rut

Lúmskasta röksemdin í umræðum um misrétti kynjanna er sú að það fyrirfinnist ekki. Því til stuðnings er gjarnan vísað til frelsis einstaklingsins, allt sé undir honum sjálfum komið alveg óháð kyni.

OG vissulega hefur okkur miðað og vissulega ber hver og einn ábyrgðina á eigin lífi. Umhverfið sér hins vegar enn þá um að temja hugsunarháttinn til fornra viðhorfa. Það sendir óteljandi smáskilaboð sem minna á skilyrt hlutverk kynjanna, gefur litlar lævisar leiðbeiningar til stúlkna og pílta um þekkilaga sjálfsmýnd nógu víða til að við tökum sjaldan eftir þeim. Framleiðsla staðalmyndanna er stöðug: Á hverjum öskudegi ár eftir ár fyllast leikskólarnir af prúðum prinsessutelpum og hugrökkum ofurhetjudrengjum. Meira að segja í kirkjulegu barnastarfi er börnum enn kenndur tví-söngurinn um Daníel og Rut. Þær eiga að vilja líkjast Rut sem er svo sæt og góð en þeir absolútt eins og Daníel sem er fylltur hetjumóð.

EINN vinsælasti raunveruleikaþátturinn í sjónvarpi um þessar mundir er „America's Next Top Model“ þar sem ungar stúlkur berjast um titilinn. Nýleg keppni gekk út á það, hver liti best út dauð – skotin, kyrkt eða skorin á háls. Umræða dómnefndarinnar snerist um flotta leggi, þokkafullar stellingar og geðveikt sexí áverka á meðan keppendur tístu af fögnuði yfir frábærum árangri sínum í hlutverkum fórnarlambanna. Enda fátt jafn heillandi og misþyrmdar konur.

NEMA ef vera skyldi frjálslyndasti bæjarstjóri landsins. Að sögn vinar hans sem rekur elstu starfsgrein mannkyns ... úps afsakið, elsta strippklúbb landsins, starfa þar árlega hundrað og fimmtíu stúlkur, flestar til að fjármagna langskólanám. Með sama áframhaldi verður meirihluti verkfræðinga, lækna og lögfræðinga Austur-Evrópu kvenkyns.

ÞVÍ frelsi einstaklingsins er svo frábært að það er allt leyfilegt. Nema reyndar er bannað að býsnast og líka bannað að kalla hlutina sínum réttu nöfnum. Annars ertu ofstækisfull öfgamanneskja. Auðvitað er sífelld pólitísk réttthugsun húmorslaus og hundleiðinleg til lengdar en æ, það væri svo gott ef kvenréttindadagurinn 19. júní skilæði einhverjum árangri. Fyrir Rut og líka fyrir Daníel.

FYRSTUR
MEÐ
FRÉTTIRNAR
www.visir.is

www.toyota.is

Meira rými



Frábær nýting á plássi

Meira innanrými í nýrri Corolla

Meira öryggi

Hljóðlátastur í sínum flokki

Framúrskarandi aksturseiginleikar

Hátt endursöluverð

Enn meiri þægindi

Minni útblástur og eldsneytiseyðsla með MM skiptingu

Og allt hitt sem þú finnur þegar þú kemur og

reynsluekur nýrri Corolla. Þar sem þú nýtur þín best.

Komdu og reynsluaktu nýrri Corolla
á sölustöðum Toyota um land allt.

Verð frá 1.960.000* kr.

ISLENSKA SÁL IS TOY 26578 05/07



TODAY TOMORROW TOYOTA

*Corolla SD Terra

Toyota Kópavogi
Nýbýlavegi 4
Kópavogur
Sími: 570-5070Toyota Akureyri
Baldursnesi 1
Akureyri
Sími: 460-4300Toyota Reykjanesbæ
Njarðarbraut 19
Reykjanesbær
Sími: 420-6600Toyota Selfossi
Fossnesi 14
Selfoss
Sími: 480-8000Toyota Austurlandi
Miðási 2
Egilsstaðir
Sími: 470-5070